Íþróttafélag Reykjavíkur
Stofnað 1907

Starfsskýrsla 2023-2024

Efnisyfirlit

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 6
Starfsárið 2023 – 2024 6
FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR 14
HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR 19
JÚDÓDEILD ÍR 21
KARATEDEILD ÍR 25
KEILUDEILD ÍR 27
KNATTSPYRNUDEILD ÍR 31
KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR 33
SKÍÐADEILD ÍR 35
TAEKWONDODEILD ÍR 37
STYRKTARSJÓÐUR íR MENNTUNAR-OG AFREKSSJÓÐUR ÍR 40
LÖG ÍR 43

Vakin er athygli á því að ársreikningur ÍR er birtur á heimasíðunni ir.is undir “útgefið efni”

Ávarp formanns ÍR

Það má segja að liðið ár hafi verið farsælt fyrir ÍR, starfið er í miklum blóma og þrátt fyrir að íþróttaiðkun hafi dregist saman í Covid, eru núna fleiri iðkendur í félaginu heldur en fyrir faraldurinn sem sýnir að þið sem eruð í forsvari eruð að vinna frábært starf.

Við höfum notið þeirrar gæfu að vera með frábært starfsfólk sem oftar en ekki er að vinna langt út fyrir sínar starfslýsingar. Ég er ekki viss um að margir geri sér grein fyrir hvað það er oft erfitt að vera starfsmaður íþróttafélags. Gríðarlegt áreiti á skrifstofunni, alltaf utanaðkomandi truflun í öllum verkum og oft erfitt að sökkva sér niður í þau verkefni sem verið er að vinna hverju sinni, því það er erfitt að vera með marga bolta á lofti í einu. Þá eru síðustu 2 ár búin að vera sérstaklega erfið, því mest af þeim verkefnum sem hafa legið fyrir snúa að mannvirkjunum hjá okkur og þar hefur lengst af verið erfitt að fá borgina til að klára sitt, því þar gerast hlutirnir ekki hratt. Þeir sem aftur á móti fá pirringin er skrifstofan sem í raun getur lítið gert annað en að ýta á borgina.

Við bjuggum til nýja stöðu á árinu, viðburðar og markaðsstjóra, sem kemur til með að nýtast sér í lagi við að bæta sýnileika ÍR út á við, en í dag eru allar deildir með sitt Facebook og sitt útlit og eru að vinna hver í sínu horni.

Við erum að skoða það hvernig við getum minnkað þetta áreiti á starfsmenn og búum til betri vinnufrið. Við viljum ekki minnka þjónustuna heldur stýra “umferð” t.d. með því að þrengja símatíma skrifstofu og setja einhver viðmið um það hvenær það tekur símann. Þá er starfsfólkið hjá okkur ekki í vinnu allann sólahringinn, við sjálfboðaliðarnir áttum okkur ekki á því að þetta er þeirra vinna og henni lýkur kl. 17.

Ég kann starfsfólki mestu þakkir fyrir sína vinnu og sitt framlag til félagsins.

Þetta síðasta ár eru allar deildir að skila góðum rekstrarárangri, það er bara keilan og júdó sem skila ekki hagnaði, en það eru góðar ástæður fyrir því en lítið hefur verið hægt að stunda júdó, þar sem gólfið er ekki í lagi, en það er búið að kaupa nýtt gólf og vinna stendur yfir að koma því niður. Þá var ljóst á haustmánuðum að framlag Reykjavíkurborgar til keiluiðkunar var uppurið og þurfti keilan að leggja út kostnað til að bregðast við því.

Félagið er á mjög góðum stað íþróttalega, fótboltinn átti frábært ár í fyrra og bæði karla- og kvennalið félagsins fóru upp um deild og spila í Lengjudeild núna í sumar og það verður gaman að fylgjast með þeim þar.

Karlaliðin í körfunni og handboltanum sem féllu síðasta vor, eru bæði að sigla hraðbyri upp í efstu deild og ég er alveg viss um að báðum liðum takist það ætlunarverk sitt.

Þá er kvennalið ÍR í handbolta nýliði í Olísdeildinni í ár og hafa komið vægast sagt ferskar inn og staðið sig frábærlega komust í bikarúrslitahelgina í Höllinni og voru búnar að tryggja sæti sitt í deildinni þegar nokkrar umferðir voru eftir.

Þann 24. mars voru liðin 100 ár frá fæðingu Guðmundar Þórarinssonar, af því tilefni var sett upp sögusýning. Þetta var góð stund og var mjög vel mætt, enda Guðmundur vel þekktur meðal okkar ÍR-inga og hann átti gríðarlega marga samferðarmenn í félaginu á löngum og farsælum ferli. Ég vill þakka Gunnari Páli Jóakimssyni, Jóni Sævari Þórðarsyni og Þráni Hafsteinssyni fyrir þennan viðburð. Við settum upp margmiðlunarvegg af þessu tilefni sem nýtist í framtíðinni til að sýna frá starfinu og halda sögu félagsins á lofti.

Við erum að skrifa undir samkomulag við Arena um að þeir haldi utan um rafíþróttastarf fyrir

ÍR, við sjáum um skráningu og innheimtu og þau sjá um rafíþróttahlutann. Þá hafði Suðurmiðstöð samband við skrifstofu ÍR núna í vetur og var að velta fyrir sér hvort það væri áhugi á að bæta við borðtennis og jafnvel fleiri íþróttum, en þau vissu um áhuga hjá börnum og unglingum sér í lagi í efra Breiðholti. Í framhaldinu skoðuðum við hvort það væri hægt að setja upp slíka aðstöðu tímabundið á efri hæðina í fjölnotahúsinu. Það reyndist síðan áhugi innan félagsins að fara af stað með pílustarf í einhverri mynd og fóru nokkrir eldhugar af stað og núna er kominn flott aðstaða og stefnt er að því að hefja starfið fljótlega, auk þess sem við getum nýtt þetta sem félagsaðstöðu fyrir þær deildir sem nú þegar eru í félaginu. Það er ástæða til að þakka fyrir þetta framtak en þeir Haukur Loftsson, Valdemar Guðmundsson og Ólafur Gylfason komu þessari aðstöðu upp og eiga þeir hrós skilið fyrir það.

Fyrir 2 árum fórum við í viðræður við Orkuveituna vegna landsins á Hellisheiði og okkur tókst í vetur að fá þá til að fallast á að malarnám, sem lauk 2015 væri óuppgert þar sem aldrei hefði farið fram lokamæling á námunni og greiddur þeir ÍR 11,5 milljónir til að ljúka því máli. Stjórnin samþykkti að greiða 6 milljónir beint til deilda og afgangurinn af fénu fer til viðhalds og betrumbóta á mannvirkjum og aðstöðu hérna í Skógarseli.

Síðasta ár hefur stjórnin verið að skoða það að byrja að innheimta félagsgjöld, með það að markmiði að halda utan um félagatal með virkum félagsmönnum, auk þess sem það býr til tekjur fyrir félagið en það vantar til að mynda fastar tekju fyrir Styrktarsjóð ÍR sem áður hét Magnúsarsjóður og er stefnt að því að helmingur félagsgjalda renni í þann sjóð. Þá er ánægjulegt að greina frá því að við erum núna að úthluta úr sjóðnum ársfjórðungslega en ekkert var úthlutað úr sjóðnum í Covid þar sem ekkert fjármagn var í honum. En eftir þorrablótið í fyrra, þá settum við í hann 1,5 milljónir.

Þá samþykkti stjórnin í fyrra að fara í endurbætur á salnum og skiptum við út borðum og stólum létum mála hann, endurnýja ljós og skipta um parket. Í framhaldi af því var gjaldskráin hækkuð og við samþykktum afsláttarreglur sem kveða á um hverjir fá afslátt og hversu mikinn, s.s. stjórnarmenn í öllum deildum að sjálfsögðu, silfurmerkishafar, gullmerkishafar o.s.frv. og þegar félagatal ÍR verður til, þá fá þeir félagar einnig afslátt af salarleigu.

Áfram ÍR!

Vigfús Þorsteinsson (Fúsi), formaður ÍR

Skýrsla Aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur

Starfsárið 2023 – 2024

AÐALSTJÓRN OG STARFSEMI

Aðalfundur ÍR var haldinn 18. apríl 2023 í ÍR-heimilinu, Skógarseli 12. Kosið var í aðalstjórn sem hér segir: Vigfús Þorsteinsson formaður, aðrir stjórnarmenn : Auður Sólrún Ólafsdóttir, Ólafur Gylfason, Hans Henttinen, Hlynur Elísson, Sigurður Gunnar Kristinsson og Fríða Torfadóttir. Stjórn skiptir með sér verkum þannig að Auður Sólrún er varaformaður, Hlynur Elísson gjaldkeri og Fríða Torfadóttir ritari. Ólafur Gylfason, Hans Henttinen og Sigurður Gunnar Kristinsson eru meðstjórnendur. KPMG og Þórir Lárusson voru kosnir sem skoðunarmenn.

Á starfstíma stjórnar á liðnu starfsári voru haldnir 25 bókaðir stjórnarfundir.

STARFSFÓLK ÍR

Á liðnu starfsári störfuðu eftirfarandi starfsmenn hjá félaginu í Skógarseli: Hafdís Hansdóttir framkvæmdastjóri, Bjarki Stefánsson íþróttastjóri, Erlendur Ísfeld rekstrarstjóri mannvirkja og Kristín Jóhannesdóttir í bókhaldi. Í byrjun árs 2024 var Jón Hjörtur Sigurðarson ráðinn í hlutastarf sem markaðs- og viðburðastjóri.

Auk þessara starfsmanna starfa 11 starfsmenn í íþróttamannvirkjunum félagsins sem eru ÍR-heimilið í Skógarseli, Fjölnotahús í Skógarseli, Parkethúsið í Skógarseli, vallarhús, frjálsíþróttavöllur og knattspyrnuvöllur ásamt íþróttahúsum Breiðholtsskóla og Seljaskóla.

Starfsmenn íþróttahúsa ÍR:

Breiðholtsskóli:, Salma Becic og Valdimar Stefán Hólmsteinsson.

ÍR-heimili, fjölnotahús og parkethús: Cristina Adina Alexa, Agripina Rocio Ndong Olinga Nchama (Nadja), Boris Resanovic, Milos Bursac, Nemanja Resanovic og Þorri Þorvaldsson.

Seljaskóli: Elísabet Benediktsdóttir, Zdravko Boloban og Montaser M S Abuhassira.

Einnig störfuðu á annað hundrað manns við þjálfun hjá deildum, við sumarstörf á völlum og sumarnámskeiði félagsins.

Auk starfsmanna félagsins starfaði á vegum deildanna mikill fjöldi sjálfboðaliða í margvíslegum verkefnum fyrir félagið. Starfsemi félagsins byggist á sjálfboðaliðastarfi sem er undirstaða félagsins og grundvöllur fyrir því að halda úti þróttmiklu íþróttastarfi. Nánast öll störf innan deilda ÍR eru leyst af sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðar sinna allri stjórnsetu og skipa nefndir innan deilda félagsins. Einnig sjá sjálfboðaliðar um mótahald og önnur verkefni sem falla til og sérsambönd gera kröfur um. Sjálfboðaliðar eru því hjartað í félaginu.

FUNDIR MEÐ DEILDUM OG AÐALFUNDIR DEILDA

Tveir fundir voru haldnir með formönnum og gjaldkerum deilda . Á fundunum er farið yfir ýmis atriði er snúa að félaginu líkt og lög félagsins, skráningu og innheimtu æfingagjalda, rekstur, nýtingu og umgengni í mannvirkjum, ásamt því sem er efst á baugi hverju sinni. Á þessu starfstímabili var m.a. rætt um að hefja formlegt félagatal með rafrænni skráningu og innheimtu félagsgjalds. Einnig var rætt um ÍR unga en það verkefni var í hættu þar sem fjármagn frá Reykjavíkurborg var að stöðvast, almenn jákvæðni er gagnvart verkefninu innan og utan félagsins og tókst, með samstarfi við Suðurmiðstöð, að halda því áfram í óbreyttri mynd en það er ekki í hendi fyrir næsta vetur.

Aðalfundir deilda ÍR voru haldnir á tímabilinu 19. mars til 10. apríl 2024.

REKSTUR FÉLAGSINS OG DEILDA

Rekstur félagsins gekk í heildina mjög vel og rekstur deilda gengur í flestum tilfellum vel. Það var mörgum fagnaðarefni í fyrra að til varð ný fjáröflunarleið með því að leigja parkethúsið út til stórviðburða og taka þátt í vinnu í kringum það en þeir hafa orðið færri á þessu starfstímabili en vonir voru um en húsið samt orðið nokkuð þekkt hjá þeim viðburðafyrirtækjum sem eru starfandi. Á þessu starfsári var einnig stefnt á að Handknattleiks- og körfuknattleiksdeild myndu setja upp LED skilti í parkethúsinu sem yrðu seldar auglýsingar á en þegar til komu hentuðu ekki þau skilti sem keypt voru því hvergi var hægt að hengja þau upp svo vel væri, m.a. vegna breyttrar staðsetningu á myndavél HSÍ og styrkleika áhorfendastúku og var þeim því skipt út fyrir skilti á fótum sem munu koma til landsins í júní. Þrátt fyrir þetta tókst nánast öllum deildum að skila hagnaði og er það vel gert. Öflugt íþróttastarf krefst tíma og peninga og mikilvægt að halda vel á spöðunum hvað þessi mál varðar.

Það var góð innspýting inn í reksturinn þegar ON samþykkti uppgjör vegna malarnáms á fyrri árum og greiddi félaginu rúmar 11 mkr, helmingur af því fór inn í deildirnar og helmingur er kominn í viðhaldssjóð vegna ÍR heimilisins sem er það mannvirki sem er í eigu félagsins.

REKSTUR ÍÞRÓTTAHÚSA OG VALLA

ÍR sér um rekstur íþróttahúsa tveggja skóla, Seljaskóla og Breiðholtsskóla auk mannvirkja og valla í Skógarseli. Þar eru ÍR-heimilið, fjölnotahús, parkethús, vallarhús frjálsíþróttavallar auk gervigrass og grassvæða. Ekki er langt síðan að nýju íþróttahsúin og frjálsíþróttavöllur voru tekin í notkun og enn í mörg horn að líta og starfsfólk í miklum samkiptum og fundarhöldum með starfsfólki Reykjavíkurborgar og verktökum til að fá lagað og klárað það sem hefur verið útistandandi eða ekki virkað eins og við höfum óskað eftir. En það er almenn ánægja með húsin þrátt fyrir nokkra agnúa og ljóst að iþróttastarf ÍR er að blómstra á okkar öfluga svæði.

Rekstur íþróttahúsanna gengur eftir atvikum vel og nýting húsanna er sérlega góð og mikið líf er á ÍR svæðinu alla daga.

IÐÐKENDUR OG ÆFINGAGJÖLD

Skráðir iðkendur árið 2023 voru 2.422 í þeim tíu íþróttagreinum sem félagið býður upp á.

Skráður iðkendafjöldi var sem hér segir:

Fimleikar 199
Frjálsíþróttir 333
Handknattleikur 431
Júdó 42
Karate 98
Keila 194
Knattspyrna 715
Körfubolti 414
Skíði 42
Taekwondo 117

Að auki var eftirfarandi starfsemi í gangi á vegum aðalstjórnar ÍR:

- Um 260 börn tóku þátt í íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna í Breiðholti

- 170 börn tóku þátt í Sumargamni ÍR, sumarnámskeið 6-9 ára barna.

- Á bilinu 80-90 eldri borgarar mæta tvisvar í viku í verkefnið „Hreyfing eldri borgara“.

SUMARNÁMSKEIÐ ÍR

Sumarnámskeið á vegum aðalstjórnar ÍR var rekið með sambærilegum hætti árið 2023 og verið hefur undanfarin ár. Námskeiðið heitir ,,Sumargaman ÍR” og samanstóð af sex vikulöngum námskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Umsjónarmenn sjá um að viðhalda fjölbreyttri dagskrá þar sem farið er í ýmsar vettvangsferðir um höfuðborgarsvæðið ásamt því að leika og stunda íþróttir á ÍR svæðinu. Einnig standa deildir félagsins fyrir ýmsu sumarstarfi en árið 2023 var knattspyrnudeild og karate með námskeið í sínum greinum.

ANNAÐ ÍÞRÓTTASTARF.

ÍR og Arena hafa gert með sér samkomulag og mun í haust vera hægt að stunda rafíþróttir undir merkjum ÍR hjá Arena sem staðsett er á Smáratorgi. Starfið verður meðal annars kynnt á ÍR degi sem haldinn verður í ágúst.

ÞORRABLÓT ÍR 2024

Þorrablót ÍR var haldið 13. Janúar 2024 í parkethúsinu í Skógarseli. Góð þátttaka var á blótinu, um 800 manns skemmtu sér konunglega og allt fór vel fram. Það er ekki sjálfgefið að svona stór viðburður heppnist vel og náist góð mæting en Þorrablót ÍR virðist algjörlega hafa fest sig í sessi í hverfinu sem er afar ánægjulegt.

Miklar þakkir fara til sjálfboðaliða á vegum deilda ÍR, en án þeirra hefði ekkert Þorrablót átt sér stað.

ANNAÐ FÉLAGSSTARF

Á efri hæð knatthússins hefur borgin teiknað félagsaðstöðu og skrifstofur. En þar þak hússins lekur og viðgerð hefur staðið yfir í marga mánuði hefur það tafist. Á meðan hefur nýlega verið sett upp lítil félagsaðstaða með píluspjöldum, borðtennisborði og fleiru sem nýst getur félaginu til samveru og hópeflis.

Í anddyri parkethússins var settur upp margmiðlunarveggur sem samanstendur af fjórum stórum sjónvörpum. Þessi veggur var vígður með viðburði sem eldhugar úr Frjálsíþróttadeildinni héldu i tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu Guðmundar Þórarinssonar frjálsíþróttafrömuðar. Viðburðinn var vel sóttur og ánægjulegt að sjá marga gamla Íringa koma og nýta tækifærið að skoða nýja aðstöðu. Við vonum að viðburðir af þessu tagi geti orðið fastur liður og margmiðlunarveggurinn verði vel nýttur til að miðla sögu ÍR sem er eitt af því sem viðheldur stoltu ÍR hjarta.

ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA ÍR

Parkethús ÍR

Parkethúsið hefur gjörbylt aðstöðunni fyrir ÍR. Húsið er keppnishús handbolta og körfubolta í meistaraflokkum ásamt því að vera æfinga- og íþróttamiðstöð yngri iðkenda í fleiri greinum.

Íþróttahúsið samanstendur af íþróttasal með parketi og hliðarbyggingu, samanlagt um 4.180 m^2. Íþróttasalurinn er um 2.380m^2 að innanmáli með svölum hringinn og hliðarbygging er á tveimur hæðum með ýmsum fylgirýmum. Íþróttasalur er fyrir keppni í handbolta og körfubolta, með útdraganlegum áhorfendabekkjum fyrir 800 áhorfendur í sætum.

Með tveimur uppdraganlegum skiptitjöldum er hægt að skipta salnum niður í tvo misstóra eða þrjá jafnstóra hluta til æfinga. Hægt er að halda stóra samkomu í íþróttasalnum þar sem er borinn fram matur fyrir um 1.000 manns í sætum.

Á efri hæð hússins er stór forsalur með afgreiðslu, aðstöðu fyrir veitingasölu, starfsmannaaðstöðu ásamt snyrtingum, geymslu og tæknirými. Frá forsal er innsýn um glugga að íþróttasal og frá honum er einnig útsýni um stóra glugga sem snúa að knattspyrnuvöllum/útisvæðum norðvestan hússins.

Á neðri hæð hliðarbyggingar norðvestur eru búningsherbergi með snyrtingum og sturtu- og þurrkaðstöðu, tvö og tvö fatarými fyrir hverja sturtu-/þurrkeiningu. Á hæðinni eru einnig búningsherbergi kennara/dómara með fataskipta-, snyrti- og sturtuaðstöðu.

Húsið byggist upp að og tengist nýbyggðu fjölnotahúsi ÍR og er ýmis aðstaða samnýtt milli húsanna, svo sem snyrtingar, starfsmannaaðstaða, þvottahús og fleira. Stigi og lyfta í fjölnotahúsi þjóna einnig parkethúsinu.

Fjölnotahús ÍR

Þar sem veturnir eru ekki alltaf léttir hér á landi er okkur afar mikilvægt að hafa fengið fjölnotahúsið sem státar af hálfu knatthúsi og svæði til æfinga í frjálsum íþróttum.

Það liggur í hlutarins eðli að það eru knattspyrnu- og frjálsíþróttadeildir sem nýta

gervigras og tartanið að stærstum hluta en einnig hefur skíðadeildin nýtt sér þessi svæði þegar lokað hefur verið í fjallinu ásamt því að aðrar deildir hafa möguleika að nýta sér aðstöðuna fyrir sínar æfingar.

Allar deildir sameinast svo í lyftingasalnum, sem hefur verið gríðarlega vel sóttur frá því að hann var opnaður og var bætt töluvert í búnað í salnum á þessu ári

Frjálsíþróttavöllur ÍR

Frjálsíþróttavöllurinn er hinn glæsilegasti með 8 brautum fyrir 100m spretthlaup og 110m grindahlaup. Sex brautir eru fyrir langhlaup, þar af eru tvær innstu brautirnar upphitaðar sem gerir iðkendum, sem og skokkurum úr hverfinu, kleift að hlaupa við frábærar aðstæður að vetrarlagi.

Hægt er að stunda hástökk, kúluvarp og spjótkast á tveimur svæðum. Kastplattar fyrir kúluvarp og sleggju- og kringlukast eru upphitaðir.

Vatnsgryfja fyrir hindrunarhlaup er að vestanverðu og stangarstökk, langstökk og þrístökk er staðsett milli grassvæðis og hlaupabrautar næst vallarhúsi.

Umhverfis völlinn liggur 3m breið upphitunarbraut með gervigrasi.

Við völlinn stendur glæsilegt vallarhús með stórum geymslum, salernum, fundarherbergi, veitingasölu og tímatökuherbergi.

Þessi völlur hefur gjörbreytt aðstöðunni fyrir okkar frjálsíþróttafólk sem hefur æft í langan tíma við frekar daprar aðstæður í Laugardal.

KNATTSPYURNUVELLIR.

Báðir meistaraflokkarnir komust upp um deild á milli ára og spila í næst efstu deild á komandi tímabili. Ástandið á gervigrasvellinum okkar er það slakt að KSÍ veitti ekki leikheimild og því verður spilað á grasinu í sumar. Samkvæmt Reykjavíkurborg er gervigrasið okkar á endurnýjun 2025 og ekki var hægt að fá því flýtt. Það verður allt lagt í að hafa grasið í sem bestu ástandi í sumar og vonum við að veðurguðirnir verði með okkur í liði.

BARDAGAÍÞRÓTTIR.

Júdó, Taekwondo og Karate æfa öll í kjallara ÍR heimilisins en því miður var Júdó deildin ekki starfrækt seinni hluta þessa starfsárs þar sem gólf og dýnur voru úr sér gengnar og hætta á meiðslum orðin svo mikil að ekki var réttlætanlegt að halda úti æfingum. Það er því gleðiefni að styrkur fékkst til að setja nýtt gólf og dýnur og verður því farið af stað aftur með Júdó starfið af miklum krafti næsta haust.

SAMSTARFSSAMNINGAR OG STYRKIR

Stærstu samstarfssamningar ÍR eru við CCEP, Jako og Höldur bílaleigu.

MAGNÚSARSJÓÐUR heitir nú STYRKTARSJÓÐUR ÍR

Reglugerð sjóðsins hefur verið breytt, auglýst var eftir umsóknum í byrjun árs 2024 og verður fyrsta úthlutun í apríl og verður síðan úthlutað ársfjórðungslega.

31. VERÐLAUNAHÁTÍÐ ÍR

Verðlaunahátíð ÍR var haldin með hefðbundnu sniði þann 28. Desember. Íþróttafólk félagsins var þar heiðrað ásamt því að íþróttakona og íþróttakarl ÍR fyrir árið 2023 voru valin. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi þáttöku í sjálfboðastarfi fyrir félagið.

Tilnefningar deilda til íþróttakonu og íþróttakarls ÍR árið 2023:

Frjálsíþróttakarl ÍR: Guðni Valur Guðnason
Frjálsíþróttakona ÍR: Erna Sóley Gunnarsdóttir
Handknattleikskarl ÍR: Ólafur Rafn Gíslason
Handknattleikskona ÍR: Matthildur Lilja Jónsdóttir
Keilukarl ÍR: Hinrik Óli Gunnarsson
Keilukona ÍR: Nanna Hólm Davíðsdóttir
Knattspyrnukarl ÍR: Bragi Karl Bjarkason
Knattspyrnukona ÍR: Sandra Dögg Bjarnadóttir
Körfuknattleikskarl ÍR: Hákon Örn Hjálmarsson
Körfuknattleikskona ÍR: Heiða Sól Clausen Jónsdóttir
Karatekarl ÍR: Jakub Kobiela
Skíðamaður ÍR: Stefán Gíslason
Skíðakona ÍR: Signý Sveinbjörnsdóttir
Taekwondokarl ÍR: Óli Már Hjálmarsson
Taekwondokona ÍR: Anna Suryati Tjhin

Úr hópi tilnefndra íþróttamanna þóttu Guðni Valur Guðnason og Erna Sóley Gunnarsdóttir skara fram úr og hlutu þar með titilinn íþróttakarl og íþróttakona ÍR árið 2023. Guðni Valur vann til sömu verðlauna árið 2021 og 2022.

Þá fékk Andrea Kolbeinsdóttir sérstaka viðurkenningu frá ÍR fyrir að hafa verið útnefnd íþróttakona Reykjavíkur. Andrea var útnefnd besta kona í götu-, utanvegahlaupum og sem langhlaupari ársins 2023. Útnefnd íþróttakona Reykjavíkur 2023. Hún bar höfðu og herðar yfir aðra konur í öllum milli og lang-hlaupa vegalengdum frá 1500m og uppúr. Varð Íslandsmeistari í öllum vegalengdum utanhúss frá 1500m og á götu. Laugarveginn vann hún með yfirburðum á nýju brautarmeti. Öll götuhlaup sem hún tók þátt í sigraði hún og var nálægt bestu karlhlaupurunum. Hún keppti á HM í utanvegahlaupum í Innsburck, varð þar í 35. sæti. Andrea á 6 af 10 bestu áröngrum á íslenska stigalista ITRA 2023.

Guðni Valur Guðnasson, Íþróttakarl ÍR 2023
Guðni átti einnig gott ár. Hann keppti á Heimsmeistamótinu sem fór fram í Budapest og hafnaði í 22. sæti með kasti uppá 62,28m. Hann var þriðji í kringlukasti á Evrópubikar í Póllandi með kasti uppá 63,34m. Einnig sigraði hann á Bottnarydskastet í Svíþjóð í sumar og varð norðurlandameistari í Kaupmannahöfn er hann kastaði 63,41m. Hann bætti mótsmetið á MÍ utanhúss með kasti uppá 64,43m. Hann kastaði kringlunni lengst 64,80m en það var á Vormóti ÍR. Eins og sjá má hefur árangur hans verið jafn og góður

yfir árið en á 13 af 15 mótum kastaði hann kringlunni yfir 62m. Hann var einnig bestur Íslendinga í kúluvarpi, varð bæði Íslands- og bikarmeistari innan- og utanhúss á þessum mótum kastar hann 2-2,5m lengra en næsti keppandi. Á meistaramótinu utanhúss var Guðni með besta árangur keppenda 1142 stig fyrir kast sitt 64.40m.

Hann varð annar á RIG, aðeins 15 cm á eftir sigurvegaranum sem hefur kúluvarp sem aðal keppnisgrein. Þegar árið var gert upp var Guðni Valur 18. á Evrópulistanum

Erna Sóley Gunnarsdóttir, Íþróttakona ÍR 2023
Erna er fædd 2000 átti frábært ár, hún tók þátt í sínu fyrsta Heimsmeistaramóti og hafnaði í 27. sæti þar sem hún varpaði kúlunni lengst 16,68m sem er hennar lengsta kast á stórmóti. Á Evrópubikar í Póllandi hafnaði hún í 3. sæti, með kasti uppá 16,93m. Erna sló Íslandsmetið þrisvar sinnum á árinu. 4. febrúar varpaði hún kúlunni 17,70m og bætti þar með eigið Íslandsmet innanhúss en rúmlega tveimur vikum seinna bætti hún bætti metið aftur með kasti uppá 17,92m og varð í kjölfarið svæðismeistari á Conference USA Indoor Championships þriðja árið í röð. Rétt er að taka fram að styrkur háskólamótanna í Bandaríkjunum er mjög hár.

Þann 22. apríl varpaði hún kúlunni 17,39 m og bætti með því eigið Íslandsmeti utanhúss um 10 cm á J Fred Duckett Twilight mótinu í Houston Texas og sigrað þar með keppnina. Árangurinn gefur 1044 IAAF árangursstig.

Erna varð Íslandsmeistarí í kúluvarpi utanhúss en keppti ekki innanhúss vegna veru sinnar í Bandaríkjnum en þar lauk hún námi sl. vor. Á meistaramótinu utanhúss setti hún mótsmet með 16.83m kasti sem gefur 1009 IAAF stig. Þegar árið var gert upp var Erna 29. á Evrópulistanum.

Erna var valin kastari ársins í kvennaflokki og Frjálsíþróttakona ársins 2023.

Sjálfboðaliðar heiðraðir

Alls voru 15 sjálfboðaliðar heiðraðir fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins á undaförnum árum, en hver deild tilnefnir sérstaklega þá sem vert er að heiðra hverju sinni. ÍR þakkar öllum þessum sjálfboðaliðum fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins og vonar að þeir verði hluti af ÍR samfélaginu um ókomna tíð. Einnig voru veit HM Merki ÍR en það er veit þeim íþróttafóli sem að keppir á Heimsmeistaramóti í sínum íþróttum.

Silfurmerki ÍR 2023
Jökull Úlfarsson – Frjálsíþróttadeild
Hrönn Þorgeirsdóttir - Frjálsíþróttadeild
Jason Ívarsson - Frjálsíþróttadeild
Sigurður Hjalti Sigurðsson - Frjálsíþróttadeild
Kolfinna Birgisdóttir - Körfuknattleiksdeild
Kristþóra Gísladóttir- Körfuknattleiksdeild
Bryndís Sigmundsdóttir – Handknattleiksdeild
Matthias Waage - Handknattleiksdeild
Kristinn Guðlaugur Hreinsson - Taekwondo
Gullmerki ÍR 2023
Guðmundur Óli Björgvinsson – Körfuknattleiksdeild
Haukur Haraldsson – Körfuknattleiksdeild.
Lofur Hauksson – Handknattleiksdeild
Jóhann Loftsson – Handknattleiksdeild
Haraldur Örn Hannesson – Handknattleiksdeild
Heiðursmerki ÍR
Kristín Aðalsteinsdóttir – Handknattleiksdeild

HM Merki ÍR
Andrea Kolbeinsdóttir – Frjálsíþróttadeild
Guðni Valur Guðnason – Frjálsíþróttadeild
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir – Frjálsíþróttadeild

FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2023 - 2024

ÁRIÐ 2023 Í HNOTSKURN
STJÓRN FRJÁLSÍÞRÓTTADEILDAR ÍR 2023 OG EIGIN HLUTVERK

Hrönn Þorgerisdóttir, Sportabler og skráningamál
Jökull Úlfarsson, móta- og hlaupamál
Ívar Kristinn Jasonarson, móta- og hlaupamál, tengingar við Mfl.
Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir, gjaldkeri, Unnur Björnsdóttir tók við seinni part árs.
Soffía Felixdóttir, meðstjórnandi
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir, forseti hlaupahóps ÍR, meðstjórnandi
Fríða Rún Þórðardóttir, formaður

MEGIN FÓKUS SÍÐASTLIÐIÐ ÁR

- Úrlausn fjárhagsmála
- Endurskipulag ýmissa þátta, þjálfun, yfirsýn, mótamál
- Mönnun á þjálfun
- Viðburðir; 3 stór mót (Brons- = 194, Silfurleikar = 529, Stórmót = 538), Vormót ÍR = 110, 2 stór hlaup (Víðav.hl. ÍR = 457 hlauparar, Gamlárshlaup = 1257), smærri mót
- Aðrir viðburðir: Teppalagnir í Laugardalshöll, Þorrablót ÍR
- Samskipti við ÍR, ÍBR, FSÍ, FRÍ

HELSTU ÁSKORANIR

- Fækkun iðkenda, sér í lagi í meistarflokki en iðkendur voru 333 árið 2023
- Fækkun sjálfboðaliða og mjög erfitt að manna viðburði
- Mönnuna þjálfarastaða í Breiðholti
- Aðstöðumál; lokanir í Laugardalshöll, viðgerðir og viðhald á ÍR velli
- Hár kostnaður vegna landsliðsverkefna, 73.500 kr / einstakling / ferð, aðeins 25.000 kr mótframlag ÍBR

HELSTU BREYTINGAR 2023

Helstu breytingar í starfinu voru að Óðinn Björn hætti sem yfirþjálfari og verkefni fóru yfir á stjórn. Breytingar á þjálfarateymi:

- Martha Ernstsdóttir hætti störfum sem millivegalengda og langhlaupsþjálfari
- Guðmundur Hólmar Jónsson, Erna Sóley Gunnarsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir bættust við þjálfarateymi okkar.
- Íþróttaskólinn í Breiðholtsskóla hófst að nýju undir stjórn Soffíu Felixdóttur

ÞJÁLFARATEYMI (NÚVERANDI)

- Hlaupahópur: Valur Þór
- Mfl: Pétur, Einar, Bergur, Jón Odds, Guðmundur Hólmar.
- Unglingar: Óðinn, Kristín Birna, Gunnar Páll, Guðmundur Hólmar.
- Börn: Bjarni Anton, Andri Már, Reynir, Magnús Elí, Illugi, Júlía, Helga Lilja.

NIÐURSTAÐA ÁRSINS

- Fjárhagur er bættur
- Þjálfarahópur hefur stækkað
- Yfirsýn stjórnar yfir starfið hefur aukist

ÍÞRÓTTAÁRIÐ

- Frjálsíþróttafólk ársins FRÍ / ÍR: Guðni Valur Guðnason & Erna Sóley Gunnarsdóttir
- Íþróttamaður ársins: Andrea Kolbeinsdóttir, 4. sætið
- Íþróttakona Reykjavíkur: Andrea Kolbeinsdóttir, annað árið í röð
- Íslandsmótin:
    - 15-22 ára inni: 2 sæti 3 sæti utanhúss
    - 11-14 ára inni: 4 sæti 4 sæti utanhúss
    - Aðalhluti inni: 2 sæti 2 sæti utanhúss
- Bikarmót:
    - 15 ára og yngri inni: 2 sæti 2 sæti utanhúss
    - ÍR stúlkur í 1. og 2. sæti ÍR piltar 1 sæti
    - Fullorðinsbikar inni: 2 sæti 2 sæti utanhúss
- Landsliðsfólk: 15 í landsliðsverkefnum

ÍSLANDSMET ÍR-INGA

- Andrea Kolbeinsdóttir: 3000m hindrun 10:08.85 mín
- Andrea Kolbeinsdóttir: 5000m innanhúss 16:46.18 mín
- Erna Sóley Gunnarsdóttir: Kúluvarp utanhúss 17.39 m
- Erna Sóley Gunnarsdóttir: Kúluvarp innanhúss 17.92 m
- Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir: 60m, innanhúss 7.35 sek
- Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir: Lóðkast, innanh 20.03 m

MEISTARAFLOKKUR OG AFREKSSTARFIÐ

- Megin fókus:
    - Styðja við afreksstarfið með góðum þjálfurum

- Megin áskoranir:
    - Fjölga iðkendum í meistaraflokki
    - Virkja meistaraflokk betur í viðburðahaldi
    - Standa undir háum kostnaði við þjálfun og landsliðsferðir

- Vil hrósa Katharínu Ósk Emilsdóttur fyrir eflingu andans hjá Mfl.
    - Peysur
    - Myndatökur
    - FB póstar

ÚRVALSHÓPUR FRÍ

- Hrafnkell Viðarsson 2008
- Hilmar Ingi Bernharðsson 2008
- Arnar Logi Brynjarsson 2007
- Iwo Egill Macuga Árnason 2007

- Ólafía Þurý Kristinsdóttir 2009
- Snædís Erla Halldórsdóttir 2009
- Júlía Mekkín Guðjónsdóttir 2008
- Hildur Vala Gísladóttir 2008
- Helga Lilja Maack 2008
- Rakel Gríma Arnórsdóttir 2009
- Eir Chang Hlésdóttir 2007
- Tinna Katrín Oddsdóttir 2009
- Sóley Kristín Einarsdóttir 2007
- Helen Silfá Snorradóttir 2008
- Brynja Rós Brynjarsdóttir 2005
- Thelma Björk R. Kristjánsdóttir 2005
- Lúkas Konráðsson 2006

FJÁRMÁL

- Talsverður viðsnúningur í rekstrinum frá fyrra ári.
- Viðburðahald skilaði miklum tekjum og er að standa undir stórum hluta af rekstri.
- Æfingagjöld duga ekki fyrir þjálfarakostnaði auk þess sem þátttökukostnaður hefur aukist talsvert.
- Innheimta æfingagjalda
- Rekstrartekjur deildarinnar námu 57 milljónum, samanborið við 48,5 milljón árið á undan.
- Rekstrargjöld voru lækkuðu aðeins eða voru 38,2 milljónir 2023 samanborið við 40,9 milljónir 2022.
- Kostnaður vegna mótahalds hækkaði úr 4,8 milljónum 2022 í 5,6 milljónir 2023.
- Hagnaður ársins nam 6,1 milljónum samanborið við tap 2022 upp á 3.563 þúsund kr.
- Eignir deildarinnar í árslok 2023 námu 17,5 milljón samanborið við 7,1 milljónir 2022.
- Eigið fé deildarinnar í árslok 2023 er jákvætt upp á 7,2 milljónir samanborið við neikvætt eigið fé upp á 2.3 milljónir 2022
- Skammtímaskuldir námu tæpum 10,3 milljónum 2023 en voru 9,4 milljónir 2022.
- Þar munar mest um skuld við afrekssjóð uppá 6,7 milljónir sem stóð í stað frá 2022.
- Eiginfjárhlutfallið er 41,4 % en var 32,1% 2022, 79,2% 2021 og 53,2% í árslok 2020.

STARF FIMLEIKA OG PARKOUR

- Parkour: Breiðholtsskóli 2 x viku
    - Þjálfarar: Rúnar Lee Winship & Oliver Nói Auðunsson
- Fimleikar: Breiðholtsskóli og Fylkir (2x)
    - Þrír hópar yngri iðkenda: Kríli (1x viku), Grunnhópur (2x viku), Framhald (4x viku)
    - Keppnishópur (5 x viku)
- Þjálfarar:

    - Robert Bentia
    - Elvira Ginijatulina
    - Sigríður Valborgar Magnúsdóttir
    - Rebekka Guðmundsdóttir (dansþjálfari)
    - Bjarney Hulda Brynjólfsdóttir
    - Katrín Hulda Tómasdóttir, aðstoð
- Iðkendafjöldi 2023: 199
    - Mjög stór hópur af erlendu bergi

UM KEPPNI Í FIMLEIKUM

- Í stökkfimi eru minnst 4 keppendur, við höfum verið með 6-7
- Í hópfimleikum þurfa að vera 8, við höfum ekki náð þeim fjölda sl. 2 ár vegna brottfalls
- Mót
    - GK mót, stökkfimi yngri: 2. sæti
    - Bikarmót, hópfimleikar
    - Vormót, sambærilegt og aldursflokkamót: 3. sætið
    - Stökkfimi, yngri, sambærilegt og aldursflokkamót: 2 sætið af 19 liðum, gull á trampolíni
    - Stökkfimi, eldri

STARFSÁÆTLUN

- Megin fókus:
    - Vinna við fjárhagsmál, halda áfram að tryggja frjáhag með aðhaldi og viðburðum
    - Mönnun á þjálfun, allar greinar
    - Viðburðir
        - Víðavangshlaup ÍR, 25.4
        - Reykjavíkurmót 11-14 ára, 29. – 30.4
        - 3 Global Calender mót í vor/sumar, 11.5, 25.5, 19.6
        - Vormót ÍR 29.5
        - Vormót í Stökkfimi yngri (fimleikar) 3.5
        - Norðurlandamót í fjölþrautum 15. – 16. júní í samstarfi við Fjölni, Ármann og FRÍ
        - Gautaborgarleikar, 60 manns
        - Bikarkeppni FRÍ í ágúst, mönnun á einni grein, 17.8
        - Haustmótin tvö, Brons- og Silfurleikar
        - Gamlárshlaup ÍR

- Samskipti og samstarf við ÍR, ÍBR, FRÍ, FSÍ
- Formennska í FÍRR
- Fjölga iðkendum
- Styrkja yngri flokka starfið (1. – 4. bekkur í Breiðholti)
- Hafa alla unglingaflokka í Laugardal á veturna
- Fylgja vel eftir þeim ungu íþróttamönnum sem eru að vaxa úr grasi
- Vinna með bakhjörlum
- Fjölga sjálfboðaliðum
- Finna flöt á áframhaldandi þátttköku keppnishóps í fimleikum
- Aðstöðumál fimleika !

STJÓRN FRJÁLSÍÞRÓTTADEILDAR ÍR 2024-2025

Formaður: Fríða Rún Þórðardóttir
Meðstjórnendur:
Hrönn Þorgeirsdóttir
Unnur Björnsdóttir
Soffía Felixdóttir
Hólmfríður Birna Guðmundsdóttir
Sara Ögmundsdóttir

VIÐURKENNINGAR - FRAMFARABIKAR

Svanhildar og Felix Hildur Vala Gísladóttir 300m 52.39 sek í 44.11 sek

- Efnilegasti íþróttamaður ÍR 11 – 14 ára Freyja Nótt Andradótti
- Efnilegasti íþróttamaður ÍR 15 – 17 ára Eir Chang Hlésdóttir
- Besti kven kastari ÍR Erna Sóley Gunnarsdóttir
- Besti karl kastari ÍR Guðni Valur Guðnason
- Besti karlstökkvari ÍR Egill Smári Tryggvason
- Besti kvenstökkvari ÍR Sóley Kristín Einarsdóttir
- Besta fjölþrautarkona ÍR Brynja Rós Brynjarsdóttir
- Besti kven milli/langhlaupari ÍR Andrea Kolbeinsdóttir
- Besti karl milli/langhlaupari ÍR Hlynur Andrésson
- Besti kvensprett/grindahlaupari ÍR Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
- Besti karlsprett/grindahlaupari ÍR Ívar Kristinn Jasonarson
- Frjálsíþróttakona ÍR Erna Sóley Gunnarsdóttir
- Frjálsíþróttakarl ÍR Guðni Valur Guðnason

F.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR,

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður

HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR HANDKNATTLEIKSDEILDAR ÍR FYRIR KEPPNISTÍMABILIÐ 2023 - 2024

Á aðalfundi 2032 voru kjörin í stjórn Elín Freyja Eggertsdóttir formaður, Jón Kristinn Björgvinsson, Ásdís Ólafsdóttir, Ólafur Haukur Hansen og Árni Henry Gunnarsson. Stjórnarstarf gekk vel þar sem stjórn hittist þegar þess gerðist þörf auk þess höfðum við samskipti um ýmis mál á samskiptamiðli. Það hefur verið mikill samhugur í stjórn, jákvæðni og sameiginleg sýn á starfið og framtíðina. Iðkendum fjölgar ár frá ári sem er mjög ánægjulegt þar sem börnin í hverfinu geta valið um fjölda íþróttagreina sem eru í boði hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur. Þegar þetta er skrifað er meistaraflokkur kvenna sem komst upp í Olísdeildinna á síðasta tímabil eftir frábært umspil á móti sterku liði Selfoss búnar að spila undan úrslitaleik í Poweraid bikarkeppni HSÍ á móti sterku liði Vals. Þá hafa þær náð þeim frábæra árangri að tryggja sér sæti í úrslitakeppni Olísdeildarinnar. Meistaraflokkur karla vinnur hörðum höndum að því komast í efstu deild karla og eiga þeir góða möguleika á því að ná þeim árangri. Frábær árangur hjá þeim báðum en í báðum flokkum er uppistaðan ungir og efnilegir leikmenn sem við trúum að eigi eftir að spila stórt hlutverk í báðum flokkum. Í Júní lét Kristinn Björgúlfsson í af störfum sem framkvæmdarstjóri þar sem samningur hans var runnin út. Innkoma Kristins hjálpaði okkur töluvert enda reynslumikill aðili þegar kemur að samningagerð og búum við enn þá að hans gjörðum enn þann dag í dag. Hans aðalverkefni var svo að ná yfirsýn yfir hlutina hvað varðar samninga við leikmenn, styrki og o.s.frv. Stjórn sá ástæðu til þess að auglýsa starfið þar sem niðurstöður tilraunaverkefnisins sýndu að mikil þörf var á einstakling í framkvæmdarstjóra starf fyrir deildina og voru tveir umsækjendur. Stjórnin fór yfir og úr varð að Björgvin Hólmgeirsson var ráðinn og var það mikið gæfuspor fyrir deildina. Björgvin hefur komið sterkur inn í starfið á öllum vígstöðvum með mikilli vinnusemi og góðri samskiptahæfni. Það er ljóst að staða framkvæmdarstjóra er komin til að vera og hefur algjörlega sýnt sig að rekstur og starf deildarinnar er mun faglegra en áður var. Handknattleiksdeild ÍR er þakklát öllum þeim sem koma að starfi deildarinnar og ekki síst þeim sem hafa bæst við og gert starf deildarinnar enn kröftugra sem skilar sér í jákvæðri umræðu og umfjöllun um starf deildarinnar útá við. Við höfum lagt upp með að báðir flokkar fái nákvæmlega það sama í umgjörð og hefur það tekist mjög vel þar sem báðir flokkar eru trítaðir eins. Það er gleðilegt að segja frá því að í fyrsta skipti í langan tíma hjá handknattleiksdeild ÍR hafa báðir flokkar og allir leikmenn fengið allan þann búnað sem þarf til að iðka handbolta eins og best verður á kosið. Í ár líkt og áður höfum við átt í erfiðleikum með að virkja sjálfboðaliða og staðreyndin er sú að alltof fáir bera þungan af starfinu sem gerir allt utan umhald mun erfiðara. Það er von okkar að það eigi eftir að breytast og fleiri sjálfboðaliðar taki þátt í starfi deildarinnar á komandi mánuðum. Það er von okkar að það eigi eftir að breytast og fleiri sjálfboðaliðar taki þátt í starfi deildarinnar á komandi mánuðum.

Fjölmargir viðburðir hafa verið haldnir á vegum deildarinnar. Hin árlegu Softball mót iðkenda og fullorðinna tókust mjög vel og var metþátttaka í báðum viðburðunum. Þá tóku sig saman einstaklingar úr stóru bolta deildunum og sameinuðust í að halda Karlakvöld ÍR. Það tókst einstaklega vel og er vonandi komið til að vera. Meistaraflokkarnir voru með jólahappdrætti í desember sem skilar sér ávallt mjög vel og ár hvert ná leikmenn að safna fjölda góðra vinninga. Í ár var haldið pílumót sem vakti gríðarlega lukku og um talað hversu vel tókst til! Margir þátttakendur komu sem hafa

ekki sést lengi og er það von okkar að þessir aðilar eigi eftir að skila sér í starf deildarinnar í komandi tímum.

Það er ekki sjálfsagt að skipuleggja þessa stóru viðburði og kunnum við skipuleggjendum og frumkvöðlum bestu þakkir fyrir þeirra framlag, handknattleiksdeild ÍR metur þeirra starf mikils!

Í ár voru sjálfboðaliðar verðlaunaðir heiðursmerkjum ÍR. Að þessu sinni voru voru það heiðurshjónin Bryndís Sigmundsdóttir og Matthías Waage sem hlutu silfurmerki. Þau hafa ekki bara starfað á flest öllum leikjum hjá báðum meistaraflokkunum heldur hafa þau einnig verið sjálfboðaliðar hjá yngri flokkum á meðan börnin þeirra voru í þeim. Það eru engin verkefni sem vefjast fyrir þeim og eru alltaf tilbúin til að taka þátt í að efla starf deildarinnar. Takk Bryndís og Matti fyrir ykkar starf, við erum mjög þakklát!

Gullmerki ÍR hlutu Loftur Hauksson, Jóhann Loftsson og Haraldur Örn Hannesson. Þessir öndvegismenn hafa starfað í kringum handboltann til fjölda ára í hinum ýmsu störfum sem þarf að sinna. Takk strákar fyrir ykkar starf, við erum þakklát!

Þá var það Kristín Aðalsteinsdóttir sem hlaut stórkross ÍR sem er æðsti heiður sem félagið veitir. Kristín hefur starfað sem sjálfboðaliði hjá ÍR í yfir 30 á og í fyrra þá var hún heiðruð sem sjálfboðaliði ársins hjá Reykjavíkurborg. Það eru fjölmög störf sem Kristín hefur haldið utan um hjá okkur í ÍR og það má fullyrða að það væru nokkrir leikir sem ekki hafi farið fram ef hennar nyti ekki við. Takk Kristín fyrir þitt starf án þín værum við ekki eins!

Þjálfara meistaraflokkanna eru Sólveig Lára Kjærnested og Bjarni Fritzson og þeim til aðstoðar eru, Sigfús Páll Sigfússon, Bjarki Stefánsson og Ólafur Rafn Gíslason hefur verið markmönnum innan handar.

Handknattleiksfólk ÍR árið 2023 eru Matthildur Lilja Jónsdóttir og Ólafur Rafn Gíslason og eru þau vel að þessu komin.

Handknattleiksdeild ÍR þakkar öllum þeim sem starfa í kringum deildina því án þeirra væru ekkert starf hjá handknattleiksdeild ÍR!

Áfram ÍR!!!

JÚDÓDEILD ÍR

Ársskýrsla 2023

Fráfarandi stjórn :

Formaður: Gísli Fannar Egilson (gislifannar94@gmail.com)
Varaformaður: Ásgeir Ásgeirsson (asgeirerlendur@internet.is)
Gjaldkeri: Haukur Þór Haraldsson (haukur.haraldsson@reykjavik.is)
Ritari: Magnús Sigurjónsson (magnussi@mmedia.is) Meðstjórnandi: Aleksandra Lis (aleksandralis3450@gmail.com)
Meðstjórnandi: Arnar Þór Sigurðsson (arnarlarsen@gmail.com)
Meðstjórnandi: Felix Exequel Woelflin (felix.e.woelflin@gmail.com)

Starfsemin og æfingar

Á haustönn var ákveðið að leggja niður æfingar hjá deildinni þar sem við töldum okkur ekki geta boðið börnum og fullorðnum upp á viðeigandi æfingar vegna aðstöðumála. Iðkendur meiddust á æfingum og hættu vegna óþæginda við að detta á harða gólfið. Deildin hefur verið að berjast fyrir bættri aðstöðu frá því hún var einungis þriggja ára gömul og hefur deildin ekki fengið nema niðurfærslu á aðstöðu öll þessi ár.

Eftir gott samtal við framkvæmdastjóra ÍR, Hafdísi Hansdóttur, tók hún málið í sínar hendur og hefur barist fyrir aðstöðumálum deildarinnar. Loksins er deildin að fá viðeigandi aðstöðu og er mikill spenningur í félagsmönnum í kringum það. Sett verður upp fjaðrandi gólf á jarðhæð ÍR heimilisins en slík gólf þóknast öllum sem koma til með að æfa í salnum. Fjöðrunin minnkar álag á liði og liðamót í ökklum, hjám og mjöðmum sem getur dregið úr líkum á bæði álagsmeiðslum og slitum liðbanda. Ýmsar rannsóknir eru til um slík gólf og er slík dempun sett

upp í íþróttahúsum í dag líkt og í nýja handbolta- og körfuboltahúsinu í skógarseli.

Vorönn hófst vel en aðsókn í prufutíma var mikil og héldu einhverjir áfram æfingum. Flestir hættu þó þar sem þeim þótti vont að lenda á gólfinu sem er allt of hart og nokkrir iðkendur meiddust. Felix, Gísli, Sabrína og Þórður sáu aðallega um þjálfun á vorönn. Við gerðum tilraunir til þess að æfa samhliða Karate hópnum og gekk það illa. Allt of mikill hávaði berst á milli og truflar það einbeitingu iðkenda og finna þjálfarar fyrir aukinni þreytu eftir slíkar æfingar ásamt einbeitningarleysi iðkenda. Við fundum fyrir verri mætingu á æfingar. Þetta er lítill salur, sérstaklega lítill í samanburði við fjölnotahúsið og körfu-/handboltahúsið, og berst hávaði mikið á milli helminga. Mikið brottfall var í deildinni á vorönn.

Gott samstarf er á milli okkar og tae-kwon-do deildar og Karate deildar um skipulagningu við uppsetningu gólfsins. Nú förum við að geta farið að halda mót og boðið upp á aðstöðu við hæfi fyrir æfingar.

Fjaðrandi undirlag og júdódýnur sem eru í lagi eru lykilatriði fyrir íþróttina, líkt og gras/gervigras fyrir fótboltann eða parketgólf fyrir körfubolta og handbolta. Við eigum von á sendingu korkkubba og júdódýna á næstu dögum. Þá er stefnt að því að setja gólfið upp með hraði í góðu samstarfi við

hinar deildirnar sem æfa niðri. Við stefnum á að koma í veg fyrir að raska starfsemi tae-kwon-do- og karate deildar við uppsetningu gólfsins með því að vera í miklum samskiptum við þjálfara deildanna.

Klefamál

Klefamál eru ennþá mikið áhyggjumál hjá okkur og þá sérstaklega klefamál kvenna. Klefamál hafa verið algjörlega til skammar frá upphafi deildarinnar og tala fyrrum kvenkyns iðkendur um hversu ömurlegt það var að mæta á æfingu og fá engan klefa til að skipta um föt og fara í sturtu. Alltaf að óvörum og leiddi það oft til þess að iðkendur hættu að mæta í einhvern tíma eða komu hreinlega ekki aftur. Engin kvenkyns iðkandi sem hefur þurft að fara inn á salerni til þess að skipta um föt hafa lýst yfir því að það sé í lagi. Óvissan hefur farið illa í margar af þeim stelpum sem hafa nefnt þetta sem helstu ástæðu þess að vilja ekki mæta á æfingu. Nokkrar af fyrrum iðkendum deildarinnar segja þetta vera eina af aðalástæðum þess að þær hættu að stunda íþróttina. Þetta virðist erfitt fyrir mann að skilja en mikilvægt að hlusta og taka mark á því sem fyrrum iðkendur tala um. Sú óvissa sem það var um hvort þær myndu fá klefa eða ekki og þurfa að skipta um föt inni á salerni frammi í anddyri og að komast ekki í sturtu að lokinni æfingu dró verulega úr viljanum til að mæta á æfingar. Klefinn er reglulega tekin undir fótboltann þegar leikir eru og hefur fótboltadeildin þá 5 klefa til afnota á meðan Júdódeildin hefur einn klefa til afnota sem er notaður af fleiri deildum. Einnig hefur umgangur í ÍR heimilinu verið slæmur. Fólk gengur inn á skóm og takkaskóm sem skilur eftir sig slóð og iðkendur hjá Júdódeildinni labba á tánum á skítnum.

Klefamál eru mikið áhyggjuefni hjá deildinni og mikilvægt að skoða mögulegar lausnir. Bæði er mikilvægt fyrir okkur að fá einhverja skyndilausn en einnig verðum við að fá að skoða varanlegar lausnir svo iðkendur deildarinnar fái skiptiklefa fyrir æfingar.

Keppni

Júdódeildin hefur ennþá einhverja iðkendur sem æfa hjá öðrum félögum en keppa fyrir hönd ÍR og bíða spennt eftir því að geta byrjað að iðka íþróttina á ný hjá ÍR.

Fjármál

Deildin var rekin með um 300.000 króna tapi í ár. Stjórnin ákvað að halda áfram að setja meiri pening í starfið á vorönn til að efla þjálfarateymi deildarinnar og átti deildin vel efni á því. Fjórir þjálfarar komu að starfinu á vorönn. Mikið brottfall og ákvörðun um að leggja starfið niður bitnaði svo verulega á tekjum deildarinnar. Gjaldkeri deildarinnar passar vel upp á peninga deildarinnar og kemur með góð ráð þegar kemur að fjármálum deildarinnar. Júdódeild ÍR hefur átt fyrir öllum útgjöldum og skuldbindingum deildarinnar.

Framtíðarsýn

Það sem hefur haldið deildinni gangandi er sú framtíðarsýn að fá æfingaaðstöðu fyrir deildina í nýju húsi sem á að byggja á næstu árum. Einnig höfum við haldið í vonina að sett verði upp fjaðrandi gólf og að nýjar dýnur verði keyptar inn sem er orðið að veruleika. Fjaðrandi gólf verður sett upp í allan salinn á jarðhæð ÍR heimilisins á næstu vikumVið sjáum nýja húsnæðið í hillingum og vonumst til að geta verið svolítið útaf fyrir okkur svo við getum haft æfingar oftar í viku og að aðrir æfingahópar séu ekki að trufla æfingar hjá okkur. Við sjáum ekki fram á vöxt fyrr en deildin kemst í betri aðstöðu. Mikið liggur á að fá gólf sem er í lagi og ef aðstöðumál verða bætt gerum við ráð fyrir að deildin muni vaxa hratt og geta orðið öflugri og stærri en hún var áður.

Við sjáum bættu aðstöðuna í hillingum og stefnum á að hefja æfingar sem fyrst. Við gerum ráð fyrir að deildin muni vaxa hratt og verður öflugri og stærri en hún var áður.

Við leitum leiða til að bæta klefamál kvenna en það er lykilatriði fyrir kvennastarf deildarinnar. Kvennkynsiðkendur eiga ekki að þurfa að missa klefa í hvert sinn sem eitthvað er í gangi hjá fótboltadeild ÍR. Við sjáum fyrir okkur að klefamál deildarinnar verða komin á betri stað og höldum í vonina að það verði sem fyrst.

Mikil aðsókn er í prufutíma og sjáum við fyrir okkur deildina vaxa vel í bættri aðstöðu.

KARATEDEILD ÍR

Ársskýrsla 2023 - 2024

Á árinu voru tæplega 60 skráðir iðkendur í Karatedeild. Þjálfarar voru Aron Huynh, Magnús Þórðarson og Pétur Ólafur Aðalgeirsson.

Æfingar voru 2-3 í viku fyrir hvern aldurshóp, Karatedeildin hefur aðstöðu í kjallara ÍR heimilisins í Skógarseli.

Þátttakendur í Karatedeild tóku þátt í 5 mótum innanlands á árinu þar sem árangur okkar keppenda var mjög góður og áttum við keppendur á verðlaunapalli á öllum mótum. Einnig var fysta innanfélagsmót ÍR í Kata haldið á vordögum sem heppnaðist vel.

1. Grand Prix mót KAÍ - 18.02.2023
Kata 14-15 ára pilta
3. sæti JAKUB KOBIELA
Kumite 15 ára pilta
3. sæti DAREN CHIDIEBERE UZO

2. Íslandsmeistaramót unglinga í Kata - 15.04.2023
Kata piltar 13 ára
3. sæti PRINCE JAMES CARL CAAMIC
Kata piltar 14 ára
1. sæti JAKUB KOBIELA

3. Íslandsmeistaramót barna í Kata - 16.04.2023
Íslandsmeistaramót barna í kata 16.04.2023
Hópkata krakka 9ára og yngri
2. sæti EMMA SIGURSTEINSDÓTTIR - HELEN NGUYEN - WILLIAM PHAM
KATA 9 ÁRA PILTA
3. sæti SIVAT GAIRACH
KATA 9 ÁRA STÚLKNA
2. sæti HELEN CHAU BAO NGUYEN
Kata pilta 8 ára og yngri
1. sæti WILLIAM MINH TUE PHAM
3. sæti LEO BOYKO VALGEIRSSON VALGEIR
Kata stúlkna 8 ára og yngri
2. sæti ALEXÍA ÓSK GYLFADÓTTIR

4. Innanfélagsmót ÍR í Kata - 27.05.2023
5. Íslandsmeistaramót unglinga í Kumite - 05.11.2023
KUMITE PILTA 12 OG 13 ÁRA -50KG
3. sæti JÖKULL MÁNI HARÐARSON
Kumite pilta 14-15 ára -63kg
2. sæti PRINCE JAMES CARL CAAMIC
Kumite pilta 16-17 ára +68kg
3. sæti INGI LÁRUSSON ANTON
3. sæti OSKARS ZELMENIS

6.Grand Prix mót KAÍ - 18.11.2023
Kata 14-15 ára pilta
1. sæti JAKUB KOBIELA
2. sæti PRINCE JAMES CARL CAAMIC
Kumite 16-17 ára pilta
2. sæti OSKARS ZELMENIS

Einnig settu þjálfararnir saman glæsileg og metnaðarfull sumarnámskeið sem voru síðsumars frá 24.07.2023 - 18.08.2023. Þátttaka á námskeiðinum fór fram úr björtustu vonum en þar var tvinnað saman æfingum og skemmtun.

Beltapróf fóru fram annarsvegar í ágúst og hinsvegar í desember.

Stjórn Karatedeildar ÍR á starfsárinu var svo skipuð:

Rakel Brynjólfsdóttir, formaður
Gylfi Geir Albertsson, gjaldkeri
Valgeir Ólafsson
Sigurbjörg S Hafsteinsdóttir

Framtíð deildarinnar er björt en ljóst er að halda þarf vel utan um starfið áframhaldandi þar sem deildin er í örum vexti og mikilvægt að huga að því hvernig hún nær að blómstra enn frekar. Einnig væri gott að fá inn og virkja fleiri foreldra í starfið svo hægt sé að gera gott starf enn betra.

Fyrir hönd stjórnar Karatedeildar
Rakel Brynjólfsdóttir, formaður.

KEILUDEILD ÍR

Skýrsla keiludeildar ÍR fyrir árið 2023

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar í ÍR heimilinu 21. mars 2024.

Stjórn keiludeildar

Stjórn keiludeildarinnar var þannig skipuð á árinu: Valgerður Rún Benediktsdóttir var kjörin formaður á aðalfundi, Svavar Þór Einarsson var varaformaður, Unnar Óli Þórsson var ritari, Halldóra Íris Ingvarsdóttir var gjaldkeri, Böðvar Már Böðvarsson, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir og Jóhann Ágúst Jóhannsson voru meðstjórnendur.

ÁHERSLUR STJÓRNAR OG HELSTU VERKEFNI 2023

1. Aðstöðumál keilunnar

Stjórn keiludeilar hélt áfram að vinna að aðstöðumálum keilunnar en það hefur lengi legið fyrir að aðstaða keiluíþróttarinnar á höfuðborgarsvæðinu er með öllu óviðundandi eins og nánar er farið yfir í fyrri ársskýrslum. Aðalstjórn ÍR hefur sýnt þessari stöðu mikinn skilning og unnið að því að fá keilusal á ÍR svæðið í viðræðum sínum við Reykjavíkurborg. Áfram var unnið að því á árinu.

ÍTR greiðir fyrir aðstöðu Reykjavíkurfélaganna í Keiluhöllinni Egilshöll. Sumarið 2023 bárust deildinni þau tíðindi að draga ætti úr fjárframlögum vegna aðstöðurnnar. Kallaði það á verulega endurskoðun á fjármögnun deildarinnar, taka varð styrkjakerfi hennar úr sambandi og iðkendur deildarinnar þurftu að greiða meira fyrir þátttöku í mótum. Þó að hægt hafi verið að leysa málið í þetta skiptið er óljóst með framhaldið og ljóst að fara þarf í viðræður við ÍTR og ÍBR um hvernig leysa megi aðstöðumálin til framtíðar.

2. Fjölgun og virkni iðkenda og þjálfara

Stjórn lagði áframhaldandi áherslu á fjölgun iðkenda sem og áhersla var á að halda í virkni barna sem æfa hjá félaginu. Haldið var sumarnámskeið í keilu fyrir börn sem þegar æfa hjá félaginu og heppnaðist það einkar vel. Jafnframt var haldið sumarnámskeið fyrir nýja iðkendur. Þetta gafst vel og er nú svo komið að deildin getur ekki bætt við sig frekari iðkendum vegna aðstöðuleysis.

Auknum fjölda iðkenda fylgir einnig þörf á fleiri þjálfurum og vann deildin að því að fá fleiri inn í þjálfun m.a. með að styrkja nýja þjálfara til að taka grunnnámskeið í þjálfun.

3. Konur í keilu

Keiludeild fékk styrk frá RANNÍS til að efla kvennastarf í keilu. Ákveðið var að bjóða kvennaliðum að taka þátt í utandeild Keilusambands Íslands en keilarar sem kom inn í keilu á fullorðinsaldri koma mjög oft inn í gegnum þá deild. Óhætt er að segja að átakið hafi gengið vel og var ásókn meiri en fjármang leyfði. Í gegnum átakið skráði deildin fjögur ný kvennalið til leiks eða um 20 konur. Þeim var boðið á æfingu til að læra undirstöðuatriði keilunnar sem gafst vel. Ekki er annað að sjá og heyra á umræddum konum en að þær séu afar ánægðar með að hafa látið slag standa og er mikil stemming í riðlinum sem nýju kvennaliðin keppa.

ÁRANGUR ÍR KEILARA ÁRIÐ 2023

Keiludeild ÍR er sú fjölmennasta á landinu og sendir deildin því fjölmörg lið og einstaklinga til keppni í hinum ýmsu mótum. Á yfirstandandi tímabili sendir ÍR 23 lið til keppni í deildum KLÍ, 17 karlalið og 6 kvennalið sem í keppa um 110 deildarspilarar. Þar að auki keppa fleiri keilarar f.h. ÍR í einstökum mótum. Hér að aftan er farið yfir helsta árangur ÍR keilara árið 2023.

Hinrik Óli Gunnarsson varð Íslandsmeistari einstaklinga í karlaflokki. Hinrik Óli er yngsti Íslandsmeistari Keilusambandsins í 23 ár eða frá árinu 2000 og næst yngstur í sögu sambandsins. Í kvennaflokki varð **Linda Hrönn Magnúsdóttir** í 2 sæti og **Nanna Hólm Davíðsdóttir** í því þriðja.

Þá varð **Viktor Snær Guðmundsson** Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Guðný Gunnarsdóttir varð Íslandsmeistari öldunga í kvennaflokki, **Bára Ágústsdóttir** varð í 2. sæti og **Linda Hrönn Magnúsdóttir** í því þriðja. Í karlaflokki varð **Þórarinn Már Þorbjörnsson** í 2. sæti.

Í Íslandsmóti deildarliða varð **ÍR-PLS** í öðru sæti í karlaflokki og **ÍR-TT** í öðru sæti í kvennaflokki. **ÍR-TT** varð einnig í öðru sæti í bikarkeppni liða.

ÍR á einnig fulltrúa í landsliðum Íslands í keilu. Evrópumót unglinga fór fram í apríl og þar átti ÍR tvo fulltrúa en það voru þau Olivia Clara Steinunn Lindén og Tristan Máni Nínuson. Þá tók Hafþór Harðarsson þátt í EM karlaliða í Frakklandi og Hinrkik Óli Gunnarsson í Evrópumeistarmóti landsmeistara. Þá fór Evrópumót öldunga fram í janúar og febrúar en fulltrúar ÍR voru Bára Ágústsdóttir, Guðný Gunnarsdóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir og Þórarinn Már Þorbjörnsson.

ÍR ungmenni stóðu sig einnig vel á árinu. Olivia Clara Steinunn Lindén vann opna flokkinn á Íslandsmeistaramóti unglinga og önnur ÍR ungmenni stóðu sig einnig vel í sínum flokkum.

Meistarakeppni ÍR, uppskeruhátið ÍR keilarar, var einnig haldin á árinu. Það voru þau **Gunnar Þór Ásgeirsson** og **Nanna Hólm Davíðsdóttir** sem sigruðu sinn flokk en **Valgerður Rún Benediktsdóttir** vann forgjafarflokkinn.

KEILARAR ÍR 2023

Hinrik Óli Gunnarsson og **Nanna Hólm Davíðsdóttir** voru valin keilarar ÍR árið 2023.

Hinrik Óli varð á árinu Íslandsmeistari einstaklinga í keilu í fyrsta sinn og er hann næst yngsti keilarinn til að landa þeim titli. Hann varð í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti para og

lið hans ÍR-L varð í 3-4 sæti á Íslandsmeistaramóti.

Nanna varð í 3 sæti á Íslandsmeistaramóti einstaklinga á árinu. Hún varð einnig í 3 sæti á Íslandsmeistaramóti para. Þá varð hún ásamt liði sínu ÍR-TT í öðru sæti í deildarkeppni 1. deildar og í öðru sæti á Íslandsmeistaramóti og bikarkeppni liða. Nanna fór einnig lengst íslenskra kvenna á Reykjavík International Games.

MÓTAHALD ÍR Á ÁRINU 2023

Keiludeild ÍR heldur úti **Pepsi Max mótum** sem haldin eru flesta sunnudaga yfir keppnistímabilið. Þar nýtur deildin stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem gefur verðlaunin og hefur gert í áraraðir. Þökkum við þeim kærlega fyrir.

Þá hélt deildin **páskamót ÍR** í samstarfi við Samkaup og þakkar deildin þeim kærlega fyrir stuðninginn. Þá hélt deildin fyrrgreint **Meistaramót ÍR**.

ÚTBREIÐSLA, KYNING OG MIÐLUN

Heimasíða keiludeildarinnar er undir heimasíðu ÍR www.ir.is/keila. Þar má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar og fréttir. Keiludeildin er einnig með síðu á Facebook og lokaða hópa fyrir félagsmenn, stjórn, keiluþjálfara, æfingahópa keilukrakkanna og foreldrafélagið svo einhver dæmi séu tekin.

BARNA- OG UNGLINGASTARF OG ÞJÁLFUN

Barna- og ungmennastarfið er veigamikill þáttur af starfsemi keiludeildar ÍR en um 30 börn stunda æfingar hjá deildinni.

ÍR-Keiludeild er með skipulagðar æfingar fyrir börn frá 8 ára og eldri. Á haustönn 2023 er boðið upp á að æfa einu sinni, tvisvar eða þrisvar í viku. Almennt er æft tvisvar í viku en þau sem lengra eru komin og farin meira að keppa í keilunni taka 3 æfingar í viku á móti keppni.

Þjálfarar deildarinnar eru þau Jóhann Ágúst Jóhannsson yfirþjálfari, Adam Pawel, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Guðmundur Jóhann Kristófersson, Halldóra Íris Ingvarsdóttir, Hörður Ingi Jóhannsson, Laufey Sigurðardóttir, Stefán Claessen og Þórarinn Már Þorbjörnsson.

Við deildina starfar einnig **foreldrafélag** en tilgangur þess er meðal annars að efla félagslíf iðkenda, halda utan um fjáraflanir og efla félagsandann hjá deildinni.

Undanfarin ár hefur keiludeildin **boðið deildarspilurum upp á þjálfun** um helgar þegar það eru lausar brautir. Keiludeildin greiðir þjálfara, en keilarar sem mæta á æfingar þurfa annað hvort að vera með árskort eða leigja brautir fyrir æfingar.

AÐ LOKUM

Að mati stjórnar keildudeildar gekk starfið ágætlega árið 2023, þrátt fyrir ákveðna erfiðleika vegna aðstöðumála eins og fyrr er rakið. Þá var árangur ÍR keilara góður og

mörg efnileg börn og ungmenni að taka framförum hjá deildinni. Nokkur óvissa var með rekstur deildarinnar vegna skerðingar á styrk frá ÍTR en með samhentu átaki allra var hægt að halda fjármálum stöðugum eins og sjá má í ársreikningisniði og fjármál stöðug eins og sjá má í ársreikningi.

Það verður hins vegar að nást árangur í aðstöðumálum ef keilan á að ná að vaxa sem íþrótt, bæði hvað varðar iðkendafjölda og barna-, unglinga og afreksstarf. Það felast miklir möguleikar í uppbyggingu keiluaðstöðu enda er keila svo sannarlega íþrótt fyrir alla.

Stjórnin þakkar því öllum sem hafa lagt hönd á plóg við að halda starfi deildarinnar gangandi og skorar jafnframt á fleiri til að gefa sér tíma til að taka þátt í starfi deildarinnar.

Stjórn keiludeildar ÍR

Knattspyrnudeild ÍR

Ársskýrsla stjórnar 2023 - 2024

Á aukaaðalfundi sem haldin var 24. október 2022 var kosin stjórn knattspyrnudeildar sem starfaði árið 2023. Hún var síðan kjörin áfram á aðalfundi vorið 2023 og var skipuð eftirfarandi aðilum: Axel Kári Vignisson formaður, Margrét Sveinsdóttir varaformaður, Ari Viðarsson gjaldkeri, Atli Þór Jóhannsson ritari, Helga Dagný Bjarnadóttir meðstjórnandi, Auður Sólrún Ólafsdóttir meðstjórnandi og Jónatan Hróbjartsson meðstjórnandi.

Barna- og unglingaráð hefur líkt og undanfarin ár verið virkt og er í dag skipað eftirfarandi aðilum: Linda Hrönn Gylfadóttir, Sandra Ómarsdóttir, Elías Már Guðnason, Íris Elíasdóttir og Jóhannes Guðni Jónsson.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í 2. deild Íslandsmótsins líkt og síðastliðin ár. Markmið liðsins var að komast upp í næstu deild fyrir ofan og það tókst eftir ótrúlegan endasprett. Ánægjulegt hversu margir ungir leikmenn spiluðu hlutverk í liðinu og þrátt fyrir að þetta hafi virst erfitt um mitt tímabil þá hafðist þetta á endanum. Liðið endaði í 2. sæti og fór upp á markatölu.

Þjálfarar liðsins voru Árni Freyr Guðnason og Jóhanni Birnir Guðmundsson en þeim til halds og trausts voru Andir Magnús og Halldór Arnarsson 2. flokks þjálfarar.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna lék sömuleiðis í 2. deild Íslandsmótsins og vann deildina með nokkrum yfirburðum. Það var í raun ljóst þegar leið á mitt mót í hvað stefndi enda komust stelpurnar fljótlega á mikla siglingu og voru langbesta lið deildarinnar.

Þorleifur Óskarsson stýrði liðinu sumarið 2023 og Ómar Atli Sigurðsson var honum til aðstoðar.

Yngri flokkar

Starf yngri flokka hefur gengið vel sl. ár og fjöldi iðkenda hefur aukist talsvert milli ára sem er mjög ánægjulegt. Samkvæmt nýjum tölum frá ÍSÍ fyrir síðasta ár eru þetta orðnir um 700 iðkendur en eru þó líklega eitthvað færri þar sem ÍSÍ telur alla snertifleti – þ.e. sumarnámskeið og iðkendur þá sem skrá sig en eru ekki virkir.

Við höldum úti flokkum á öllum aldursbilum en erum enn með sameiginlegt lið ásamt Fram í 3. flokki. Verðum með u20 ára lið (2. flokk kvk) í fyrsta skiptið í mörg ár næsta sumar. Með þessu bindum vonir við að okkur takist að brúa bilið milli meistaraflokks og 3. flokks á allra næstu árum enda hópur stelpna að koma upp á næstunni sem munu vonandi að lokum vera meginuppistaða meistaraflokks.

Fjármál

Rekstur deildarinnar hefur gengið ágætlega en árlegir styrkir hafa þó lækkað örlítið og rekstrarumhverfið er þungt. Bakarameistaramótið var haldið í annað sinn haustið 2023 og virðist hafa fest sig í sessi sem ein stærsta fjáröflun deildarinnar. Það er svigrúm til að bæta í hvað varðar fjáraflanir og ýmislegt er á döfinni.

Karlakvöld var haldið ásamt handbolta og körfubolta sem heppnaðist vel og verður

án efa endurtekið. Vonandi verður hægt að koma á fót konukvöldi sömuleiðis. Þá heldur árgangamót knattspyrnudeildar áfram að stækka og er orðið mjög mikilvægur þáttur í starfinu.

Aðstaða

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á svæðinu okkar í Skógarseli og glæsilegt knatthús þá er aðstaða knattspyrnudeildar að verða komin að þolmörkum að ýmsu leyti. Undirlag valla á útisvæði er úr sér gengið. Verið er að þrýsta á Reykjavíkurborg um að endurnýja gervigrasið o.fl. og sú vinna ber vonandi árangur sem fyrst.

Uppbyggingu á svæðinu okkar er ekki lokið en knattspyrnan þarf svæði til notkunar yfir sumartímann. Meistarflokkarnir munu færa sig aftur á grasvöllinn og það þarf að lappa upp á varamannaskýli, fjölmiðlagám og áhorfendaaðstöðu vegna þess.

Það þarf að fara af stað vinna hjá okkur í knattspyrnudeild um framtíðaruppbyggingu knattspyrnuvalla og til stendur að stofna starfshóp innan knattspyrnudeildar til að sinna slíkri vinnu. Þar kemur m.a. til skoðunar aðstaða áhorfenda, undirlag valla (hybrid gras eða gervigras) og búningsaðstaða.

Árið framundan

Framtíðin er björt en það er mikil vinna framundan til að meistaraflokkar okkar haldi sætum sínum í Lengjudeildinni og halda áfram að stuðla að sjálfbærni í yngri flokkum.

Það er gífurleg vinna sem fylgir því að fara upp. Nú þarf að standast leyfiskerfi KSÍ, við erum aðili að Íslensku toppfótbolta (ÍTF) en þessu fylgir aukin vinna. Knattspyrnudeild býr að því deildin hefur verið rekin á ábyrgan hátt sl. ár og háum fjárhæðum ekki verið eytt í leikmenn. Það er ekki stefna deildarinnar að kaupa leikmenn eða greiða þeim háar fjárhæðir heldur fremur fjárfesta í grunnþáttum á borð við aðstöðu og þjálfun.

Það er mikilvægt að halda áfram að efla starf yngri flokka enn frekar félagsins svo það góða starf sem hefur farið fram sl. ár nýtist til framtíðar. Það er stefna deildarinnar að halda úti meistaraflokkum þar sem uppaldir ÍR-ingar eru í lykilhlutverkum og til þess að það geti gerst þarf að hlúa vel að grunninum. En það verður ekkert úr yngri flokka starfinu ef meistaraflokkarnir okkar eru ekki til eða að spila í neðstu deildum Íslandsmótsins. Þetta helst allt saman í hendur.

f.h. stjórnar knattspyrnudeildar ÍR
Axel Kári Vignisson formaður knattspyrnudeildar.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR

SKÝRSLA STJÓRNAR 2023 – 2024

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR 2023-2024 var þannig skipuð: formaður Sigurlaugur Gíslason, varaformaður Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, gjaldkeri Magnús Már Vignisson, Elvar Guðmundsson, Kristinn Þór Steingrímsson, Pétur Hólmsteinsson og Trausti Þór Gestsson.

Fjáröflunarráð skipuðu:
Herbert Arnarson, Hjálmar Sigurþórsson, Hilmar Sigurjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Sveinbjörn Claessen, Haukur Þór Haraldsson og Ari Rafn Vilbergsson.

Barna- og unglingaráð skipuðu:
Davíð Wiium, formaður, Sigrún Tómasdóttir og Þorsteinn Ingi Garðarsson.

STARFSEMIN:

Stjórnin hittist á fundum þegar þurfa þótti en að öðru leyti fóru samskipti stjórnar fram í gegnum síma, tölvupósta og samfélagsmiðla BÚNINGAMÁL: KKD ÍR spilaði undir merkjum Jako.

FJÁRMÁL:

Fjárhagsleg staða deildarinnar hefur farið batnandi á þessu tímabili, útgjöld voru skorin niður auk þess sem tekjur hafa aukist. Búið er að greiða niður stærstan hluta skulda sem deildin var með. Þó er ljóst að tekjur þurfa að aukast ef félagið tryggir sér sæti í efstu deild karla á næsta tímabili til að geta teflt fram samkeppnishæfu liði. Fjáröflunarráð, leikmenn og sjálfboðaliðar hafa unnið þrekvirki og þakkar stjórn fyrir þeirra óeigingjörnu störf. Helstu stuðningsaðilar deildarinnar eru Bón- og þvottastöðin, Dufland, KPMG, Netbifreiðasalan, Frágangur ehf., Kjötvinnslan Esja, Samkaup/Nettó, Tryggingamiðstöðin, Landslög og Toyota. Aðkoma styrktaraðila deildarinnar er forsenda þess að geta haldið upp metnaðarfullu starfi hjá Körfuknattleiksdeild ÍR.

MEISTARAFLOKKUR KARLA:

Liðið endaði í neðsta sæti Subway deildar á síðasta tímabili en var boðið áframhaldandi sæti vegna fjölgunar liða í efstu deild. Stjórn deildarinnar tók þá ákvörðun að þiggja ekki boðið en að baki því lágu fjárhagslegar ástæður auk fyrirséðra breytinga á leikmannahóp liðsins. Liðið hefur því spilað í fyrstu deild kvenna í vetur. Andri Þór Karlsson var ráðinn þjálfari og lá fyrir að verkefnið væri krefjandi sem kom á daginn. Bæði var mikil endurnýjun í baklandi liðsins auk þess sem þurfti að setja saman nýjan leikmannahóp. Fyrstu leikir haustsins reyndu verulega á leikmannahóp liðsins en með öflugu átaki leikmanna og baklands deildarinnar hafa náðst miklar framfarir á þessu tímabili. Ráðinn var erlendur leikmaður sem kom eftir áramót og náði liðið tveimur sigurleikjum og endaði í 6. Sæti deildarinnar af sjö liðum. Mikinn lærdóm má draga af þessu tímabili þar sem margt hefur áunnist og er ljóst að grunnur liðsins er allur annar fyrir næsta tímabil.

MEISTARAFLOKKUR KVENNA:

Liðið endaði í neðsta sæti Subway deildar á síðasta tímabili en var boðið áframhaldandi sæti vegna fjölgunar liða í efstu deild. Stjórn deildarinnar tók þá ákvörðun að þiggja

ekki boðið en að baki því lágu fjárhagslegar ástæður auk fyrirséðra breytinga á leikmannahóp liðsins. Liðið hefur því spilað í fyrstu deild kvenna í vetur. Andri Þór Karlsson var ráðinn þjálfari og lá fyrir að verkefnið væri krefjandi sem kom á daginn. Bæði var mikil endurnýjun í baklandi liðsins auk þess sem þurfti að setja saman nýjan leikmannahóp. Fyrstu leikir haustsins reyndu verulega á leikmannahóp liðsins en með öflugu átaki leikmanna og baklands deildarinnar hafa náðst miklar framfarir á þessu tímabili. Ráðinn var erlendur leikmaður sem kom eftir áramót og náði liðið tveimur sigurleikjum og endaði í 6. Sæti deildarinnar af sjö liðum. Mikinn lærdóm má draga af þessu tímabili þar sem margt hefur áunnist og er ljóst að grunnur liðsins er allur annar fyrir næsta tímabil.

YNGRI -FLOKKAR:

Yngriflokkastarf KKD ÍR hefur gengið vel á þessu ári. Iðkendur hafa aldrei verið fleiri og er það mikið til vegna aukins fjölda stúlkna sem æfa körfubolta hjá félaginu, er það mikið gleðiefni að sjá fjölgun í stúlknaflokkunum en rekja má fjölgunina til festu í yngri flokka starfi á umliðnum árum auk þess sem boðið er upp á sérstakar stúlknaæfingar hjá yngri stúlkum en áður var. Nýtt íþróttahús í Skógarseli hefur stórbætt aðstöðu til þjálfunar síðustu 2 ár og er aðstaða með besta móti á landinu. Hjá deildinni starfa yfirþjálfari yngri flokka og verkefnastjóri yngri flokka sem er ný staða hjá deildinni. Auk þeirra starfa átta metnaðarfullir þjálfarar sem hafa gert vel í að halda uppi faglegu starfi í vetur. Tvö lið spiluðu til úrslita í bikarkeppni KKÍ í mars þar sem 12. flokkur karla urðu bikarmeistarar en 10. flokkur karla hlaut silfur. Leikskólahópurinn er á sínu öðru tímabili og hefur sú nýjung verið frábær viðbót í gott starf og ber að hrósa Kristþóru Gísladóttur fyrir mikla elju að koma þeim hóp á laggirnar.

Fjöldi yngri flokka leikmanna í æfingahópi landsliða hefur aldrei verið meiri en á þessi tímabili. 14 leikmenn úr yngri flokka starfi ÍR voru valdir í æfingahópa yngri landsliða í vetur sem verður að teljast frábær árangur.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hjálpuðu til í starfinu í vetur með von um farsælt samstarf á næsta ári.

SKÍÐADEILD ÍR

Skýrsla stjórnar starfsárið 2023-2024

Skíðadeild ÍR hefur verið í farsælu samstarfi með skíðadeild Víkings nú um margra ára skeið en deildirnar reka saman skíðaskála og halda úti skíðaæfingum fyrir börn og unglinga í Bláfjöllum. Líkt og fyrri ár þá héldu deildirnar saman úti öflugu starfi veturinn 2023-2024 undir merkjum Hengils.

Öll skíðafélögin á höfuðborgarsvæðinu standa saman að þjálfun iðkenda frá 12 ára aldri. Samstarf félaganna stuðlar að því að hægt er að halda úti metnaðarfyllra starfi en ella með fleiri þjálfurum og fjölmennari æfinghópum. Samstarf félaganna stuðlar þannig að því iðkendur fái frekar þjálfun við sitt hæfi.

Vetrarstarfið hófst í lok september er haldinn kynningarfundur á starfi vetrarins í Víkinni, félagsheimili Víkings í Fossvogi. Nýir iðkendur og foreldrar þeirra voru þar boðnir sérstaklega velkomnir. Farið var yfir dagskrá haustsins, þjálfara flokka, viðburðir og starf Hengils í vetur.

Samtals voru 90 iðkendur skráðir á æfingar hjá Hengli veturinn 2023/2024. Sjá aldursdreifingu iðkenda í töflu fyrir neðan.

Fjöldi iðkenda í skíðadeildum ÍR og Víkings veturinn 2023/2024

Æfingahópur	**# iðkenda**
5 ára og yngri	4
6-7 ára	13
8-9 ára	21
10-11 ára	25
12-13 ára	10
14-15 ára	4
16+ ára	4
Samtals	**90**

Val á íþróttafólki ársins hjá ÍR fór fram að venju milli jóla og nýárs. Þau Signý Sveinbjörnsdóttir og Stefán Gíslason voru valin skíðakona og skíðakarl ÍR árið 2023. En bæði náðu þau góðum árangri á árinu 2023, en Signý varð meðal annars Bikarmeistari Íslands í kvennaflokki, Íslandsmeistari í svigi U21, Íslandsmeistari í stórsvigi U21, Íslandsmeistari í alpatvíkeppni U21.

Stefán Gíslason keppti í á bikarmótum Skíðasambands Íslands í veturinn 2023/2024 og varð í 2. sæti í flokki 18-20 ára keppenda og í fjórða sæti þegar eldri keppendur eru taldir með. Stefán vann tvisvar til bronsverðlauna í fullorðinsflokki á bikarmótum vetrarins. Á skíðamóti Íslands sem fram fór í Bláfjöllum í byrjun apríl 2024 átti ÍR tvo keppendur en auk Stefáns var Auður Björg Sigurðardóttir meðal keppenda, náðu þau

bæði góðum árangri á mótinu en Stefán hafnaði í 5. sæti í svigi í flokki 18-20 ára keppenda og Auður Björg Sigurðardóttir hafnaði í 9. Sæti í svigi.

Félagar okkur hjá Víkingi stóðu sig einnig mjög vel á mótum vetrarins og varð Elín Elmarsdóttir Van Pelt Íslandsmeistari í stórsvigi og Eyrún Erla Gestsdóttir varð Íslandsmeistari í svigi. Bjarni Þór Hauksson sem keppir fyrir Víking varð þrefaldur Íslandsmeistari en hann sigraði í stórsvigi, svigi og alpatvíkeppni. Elín varð einnig í fyrsta sæti í bikarmótaröð SKÍ, Eyrún Erla varð í 4. Sæti og Þórdís Helga Grétarsdóttir í fimmta sæti.

Við þökkum þjálfurum, iðkendum og foreldrum fyrir samstarfið á árinu,

Stjórn skíðadeildar ÍR starfsárið 2023- 2024
10. apríl 2024

TAEKWONDODEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2023

Aðalfundur 2024 haldinn 20.03.2024. Stjórn deildarinnar var svo skipuð fyrir starfsárið 2023:

Formaður: **Guðrún Guðmundsdóttir**
Gjaldkeri: **Jóhann V Gíslason**
Meðstjórnandi: **Arnar Bragason**
Meðstjórnandi: **Vífill Björnsson**

Skýrsla stjórnar

Árið 2023 var með minni fjölda í iðkendum en 2022. Fækkað var um eina æfingu frá vorönn 2023 yfir á haustönn 2023.

Iðkendafjöldi var 56 vor á vorönn 2023 vs 53 á vorönn 2022 og 60 á haustönn 2023 vs 66 á haustönn 2022 og eru ÍR ungar ekki inni í þeirri tölu. Auglýsingamiðum var dreift í upphafi anna sem fyrr. Þó ekki í póstnúmer 111 þar sem það hafði skilað sér mjög illa í auknum fjölda iðkenda.

Vífill hætti mjög snemma í stjórnarstarfi á árinu 2023. Hann náði vorfundi en síðan gat Vífill ekki tekið frekari þátt í stjórnarstarfi vegna anna.

Haldið var eitt Vinamót 2023 með nokkrum öðrum félögum þar sem notast var við round robin úrsláttaaðferðir og slíkt. Þátttaka á það mót var fín og kepptu flestir í bæði formum og bardaga. Það mót var ekki á vegum TKÍ.

Æfingargjöld voru hækkuð 2023 og eru nú 30.000 fyrir alla hópa. Ekki eru hækkuð æfingagjöld fyrir næsta vetur.

Rekstrarafkoma deildarinnar er betri en undanfarið ár. Bæði fækkuðu æfingar og því kostnaður vegna þjálfara sem og minna fjármagni var lagt í búnað.

Arnar Bragason er aðalþjálfari TKD ÍR, 4.dan. Hann kennir almennt einn dag á viku, Sveinn Logi Birgisson, 1.dan kennir líka almennt einn dag í viku. Áherslan hjá þeim er kyorugi (bardagi). María G. Sveinbjörnsdóttir, 3.dan, hefur haldið áfram með sína tíma þar sem áherslan er á poomsae (listform).

Æfingarhóparnir fóru úr þrem í fjóra á haustönn 2022 en var fækkað aftur úr fjórum í þrjá á haustönn 2023. Byrjendur 6-8 ára, byrjendur 9-12 ára, framhaldshópur 6-12 ára, og 13 ára og eldri (byrjendur/framhald). Þá er ótalið ÍR-unga æfingar sem eru tvisvar sinnum í viku. Þátttaka í þeirri dagskrá var ágæt 2022 og vor 2023 en haust 2023 þurfti að fella niður ÍR-unga æfingar vegna mjög dræmrar þátttöku.

TKÍ var með auglýsingaátak á samfélagsmiðlum. Taekwondodeild ÍR tók þátt í þessu átaki en sá ekki að það hefði skilað sér í fleiri iðkendum. Velt hefur verið fyrir sér hvort bein markaðssetning væri best ef við getum fjölgað iðkendum. Í beinni markaðssetningu felst að þjálfarar fara í skóla og kynna íþróttina. Sem dæmi er að þeir fái að taka yfir íþróttatíma í skólum í hverfinu.
Taekwondo maður og kona ársins 2023 hjá ÍR voru þau Anna Tjhin og Óli Már Hrólfsson.

Þátttaka á mótum TKÍ sem voru haldin 2023 var sæmileg góð í poomsae en ekki eins góð í kyorugi.

Árangur á mótum 2023

Einungis eru nefndir þeir sem náðu á verðlaunapall

Íslandsmót í formum 2023

haldið 14.okt 2023

Einstaklings keppni		
poomsae	**árangur**	**flokkur**
Aino-Katri Karinen	silfur	Ind Undir 50 Female-A
Jakob Már Ólasson Paz	brons	Ind Undir 30 Male-B
Anna Suryati Tjhin	gull	Ind Undir 50 Female-B
Óli Már Hrólfsson	silfur	Ind Undir 50 Female-B
Hópa / para keppni		
poomsae	**árangur**	**flokkur**
Anna Suryati Tjhin / Óli Már Hrólfsson	gull	Pair Para Y30-B
Jakob Már Ólasson Paz / þátttakandi úr FRAM	silfur	Pair Para Y30-B

bikarmót I í formum 2023-2024

haldið 5.nóv 2023

Einstaklings keppni		
poomsae	**árangur**	**flokkur**
Viktor Jónsson	gull	Ind Minior Male-B
Apichaya Eiamlamoon	silfur	Ind Minior Female-D1
Hekla Fold Jónsdóttir	brons	Ind Minior Female-C1
Friðrik Hrafn Bjarkason	brons	Ind Minior Male-C3
Rama Alassaf	brons	Ind Minior Female-D1
Hópa / para keppni		
poomsae	**árangur**	**flokkur**
Tómas Geir Axelsson / Hekla Fold Jónsdóttir	silfur	Pair Minior-C

bikarmót II í formum 2023-2024

haldið 13.janúar 2024

Einstaklings keppni		
poomsae	**árangur**	**flokkur**
Apichaya Eiamlamoon	gull	Ind Minior Female-C2
Rama Alassaf	silfur	Ind Minior Female-C2
Aria Alexandra S. Thorsteinsson	brons	Ind Minior Female-C2
Sigurbjörn Máni Ásgeirsson	brons	Ind Minior Male-C1
Hekla Fold Jónsdóttir	brons	Ind Minior Female-C1
Hópa / para keppni		
poomsae	**árangur**	**flokkur**
Rama Alassaf / Apichaya Eiamlamoon	brons	Pair Para Minior-C

Engin úrslit eru sýnileg fyrir kyorugi mót TKÍ fyrir 2023 og því ekki hægt að telja upp árangur deildarinnar á þeim mótum.

Helstu verkefni næsta árs/ára eru aðstöðumálin, aukning iðkenda og virkjun fleiri iðkenda/aðstandenda til starfa fyrir deildina. Mikilvægt er að deildin sendi bæði keppendur í poomsae og kyorugi á mót TKÍ. Verkefni þjálfara er því að hvetja iðkendur í þátttöku í þessum tveim keppnisgreinum.

Fyrir hönd stjórnar
Guðrún Guðmundsdóttir (formaður)
20. Mars 2024

Ný stjórn kosin á aðalfundi:
Guðrún Guðmundsdóttir, formaður
Albert Agnar Imsland, meðstjórnandi
Anna Suryati Tjhin, meðstjórnandi
Arnar Bragason, meðstjórnandi
Guðbjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Jóhann V. Gíslason, varamaður

STYRKTARSJÓÐUR ÍR
MENNTUNAR-OG AFREKSSJÓÐUR ÍR

Styrktarsjóður ÍR
Menntunar- og afrekssjóður
- Reglugerð -

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður ÍR, menntunar- og afrekssjóður Íþróttafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn byggir á grunni Magnúsarsjóðs sem varð til með gjöf frá Magnúsi Þorgeirssyni ehf í tilefni af 100 ára afmæli ÍR þann 11. Mars 2007. Sjóðurinn er í vörslu aðalstjórnar ÍR.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að:

1. Veita afreksfólki í öllum deildum innan ÍR styrk vegna æfinga og/eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
2. Veita styrk til þess íþróttafólks sem valið er til æfinga eða keppni sbr. 3. gr.
3. Veita þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa á vegum ÍR styrk til að sækja viðurkennd þjálfaranámskeið og/eða aðra menntun sem eflir þá í starfi.

3.gr.

Úthlutun úr sjóðnum :

Aðeins þeir aðilar sem iðka eða þjálfa innan vébanda ÍR geta sótt um í sjóðinn. Til þess að fá styrk úr sjóðnum verður íþróttafólk innan ÍR að hafa sannað sig í sinni íþróttagrein hjá félaginu og verða um leið að sýna þann áhuga sem þarf til að ná auknum árangri og vinna af heilum hug fyrir félagið. Í einstaklingsíþróttum þarf iðkandinn að hafi unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki. Iðkandi í hópíþrótt þarf að vera samningsbundinn, vera í æfingahópi meistaraflokks, eða vera í landsliðsúrtaki í sínum aldursflokki.
Þjálfarar þurfa að búa að góðum faglegum grunni, mikilli reynslu auk þess að sýna mikinn áhuga og metnað í þjálfun.

4. gr.
Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur aðilum, tveimur skipuðum af aðalstjórn auk íþróttastjóra félagsins. Verkefni stjórnar sjóðsins er að ákvarða styrkveitingar úr sjóðnum og hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga auk þess að sjá um kynningarstarfsemi sjóðsins í samvinnu við aðalstjórn ÍR. Stjórnarmenn sjóðsins skila árlegri skýrslu til aðalstjórnar ÍR og gera grein fyrir úthlutun sjóðsins.

Styrktarsjóður ÍR
Menntunar- og afrekssjóður
- Stefna -

Markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins er að styrkja unga, efnilega og framúrskarandi ÍR -inga á aldrinum 14-22 ára til frekari þjálfunar og menntunar, skapa þeim toppaðstæður og rétta umgjörð sem og greiða leið þeirra aðila sem fara í keppnisferðir með landsliðum. Einnig að standa fyrir sameiginlegum þjálfunar- og menntunarnámskeiðum innan félagsins og styrkja þjálfara á námskeið innanlands sem erlendis, allt til að gera góða þjálfara enn betri.

Fjármagn

Styrktarsjóður ÍR er í vörslu aðalstjórnar að upphæð 3.000.000 kr.
Aðalstjórn tryggir sjóðnum fé með vaxtatekjum af höfuðstól, félagsgjöldum, hagnaði af viðburðum og frjálsum framlögum.
Tekið er við frjálsum framlögum á reikning 0115-15-380527, kt: 670169-1549.

Kynning

Samantekt upplýsinga um sjóðinn verður inni á heimasíðu ÍR. Þar verður sérstaklega tekið fram hvenær sækja má um í sjóðinn og hvenær niðurstöðu megi vænta. Einnig verða þar sérstök eyðublöð sem skylt er að fylla út þegar sótt er um. Hægt er að sækja um í styrkarsjóðinn í hverjum ársfjórðung svo framarlega sem fé er í sjóðnum. Hægt er að sækja um hvenær sem er og umsóknir sem berast í hverjum ársfjórðung eru afgreiddar í fyrsta mánuði næsta ársfjórðungs. (Sem dæmi : umsóknir sem berast í janúar, febrúar og mars eru afgreiddar í apríl).
Umsóknir þurfa að berast frá iðkanda og vera samþykktar af yfirþjálfara og formanni deildar.
Styrkurinn er greiddur út að verkefni loknu.
Frétt verður birt á heimasíðu ÍR og samfélagsmiðlum eins og við á um úthlutanir, styrkþega og annað fréttnæmt tengt styrktarsjóðnum.

LÖG ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

Samþykkt á aðalfundi ÍR 23. maí 2018

I. Nafn, heimili og tilgangur

1. gr.
Félagið heitir Íþróttafélag Reykjavíkur, skammstafað ÍR. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr.
Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.

Markmið félagsins eru meðal annars:

- Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.
- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.
- Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.
- Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.

Tilgangi sínum og markmiðum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Innganga nýrra deilda í félagið skal borin upp til endanlegs samþykkis á næsta aðalfundi félagsins eftir stofnun hennar eða á sérstökum aukaaðalfundi, sbr. 5. mgr. 8. gr.

3. gr.
Félagsmerkið er skammstöfunin með hvítum stöfum á bláum skildi. Nærri brún skjaldarins er hvít rönd. Blár litur merkisins er Pantone 286 C.

Hlutföll merkisins eru breidd á móti hæð 1 á móti 1,6, hlutföll gullins sniðs. Innbyrðis hlutföll einstakra litaflata eru einnig í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Hæð skjaldarins á móti bogformi í neðri hluta hans er í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Íhvolfur bogi efst í skildinum á móti samsíða hliðum hans deilist í hlutföllunum 1,4 á móti 1. Við félagsmerkið er deildum leyfilegt að bæta við sérmerki íþróttagreinar sinnar, sem þarf þó samþykki aðalstjórnar félagsins.

4. gr.
Aðallitir á búningum félagsins eru hvítur og blár (sem næst blár Pantone 286) og skulu búningarnir auðkenndir með merki félagsins.

5. gr.
Allir skráðir iðkendur íþrótta hjá ÍR teljast vera félagsmenn. Hið sama gildir um þá sem sitja í aðalstjórn félagsins eða stjórnum einstakra deilda. Einnig getur hver sá sem þess óskar orðið félagi í ÍR. Iðkendur og stjórnarmenn deilda teljast vera félagar í viðkomandi deild félagsins. Heimilt er að ganga í fleiri en eina deild. Enn fremur er heimilt að gerast félagi, án þess að vera skráður í sérstaka deild. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega deildarstjórn, eða aðalstjórn, ef félagi er ekki meðlimur deildar. Félagsmenn teljast félagsmenn þar til þeir sjálfir segja sig úr félaginu. Aðalstjórn getur þó vikið félagsmanni úr félaginu, sbr. 10. gr.

6. gr.

Árgjald félagsmanna, 18 ára og eldri, skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal sjá um innheimtu þess og skal árgjald hvers greiðanda þess renna til þeirrar deildar sem hann er skráður í, en í aðalsjóð félagsins ef greiðandinn er ekki skráður í sérstaka deild.

Sérhverri deild félagsins er heimilt að innheimta af öllum iðkendum hennar sérstök æfingagjöld. Þessi gjöld skulu standa undir kostnaði vegna æfinga og þátttöku í keppni á vegum deildarinnar.

Greiðandur æfingagjalda skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds til félagsins. Heimilt er að ákveða á aðalfundi félagsins að aðrir, svo sem stjórnarmenn í félaginu og starfsmenn þess, séu undanþegnir greiðslu árgjalds.

Halda skal rafræna félagaskrá á vegum aðalstjórnar og skal hún vistuð með tryggum hætti.

II. Aðalfundur félagsins

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir apríllok ár hvert. Til aðalfundar skal boða á tryggilegan hátt með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef minnst helmingur skráðra kjörinna fulltrúa samkvæmt kjörbréfi mætir. Hverri deild ber að skila kjörbréfum yfir fulltrúa sína við upphaf aðalfundar.

Aðalstjórn skal skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kjörinn sérstaklega og skriflega, ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í framhaldi af því. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins.
4. Lesnir og skýrðir endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákveðin árgjöld.
7. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
8. Kosinn formaður.
9. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
10. Kosnir tveir skoðunarmenn.
11. Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða, séu ekki önnur undantekningarákvæði í lögum þessum. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist þá ekki úrslit ræður hlutkesti. Að öðru leyti gilda almenn fundarsköp um framkvæmd aðalfundar félagsins.

8. gr.

Allir lögmætir félagsmenn hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

1. Stjórn félagsins.
2. Fulltrúar deilda, kjörnir á aðalfundum þeirra, einn fyrir hverja 50 félaga í deildinni, þó aldrei færri en einn og aldrei fleiri en sjö.

3. Kjörnir skoðunarmenn aðalreikninga félagsins.
4. Fyrrverandi formenn félagsins.

Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins, þegar undan er skilið ákvæði um fasteignakaup, sölu og veðsetningu, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Aðalstjórn er skylt að halda aukaaðalfund félagsmanna, sem til skal boðað með sama hætti og aðalfundar, ef krafa um slíkt kemur fram frá meirihluta deildarstjórna, enda tilkynni þær um leið fundarefni það sem þær óska að rætt verði. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema þar fara ekki fram lagabreytingar og ekki heldur stjórnarkosning nema þess sé sérstaklega krafist af hálfu meirihluta deildarstjórna og þess sé getið í fundarboði. Auk þess getur aðalstjórn boðað til aukaaðalfundar án þess að krafa komi fram um það frá stjórnum deilda. Aðalstjórn er skylt að boða til aukaaðalfundar er stjórnin verður óstarfhæf, svo sem ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna hefur vikið úr stjórn.

9. gr.

Reikningsár félagsins og deilda skal vera almanaksárið og skulu reikningar hafa borist kjörnum skoðunarmönnum félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund. Reikningar félagsins skulu vera aðgengilegir félagsmönnum í viku fyrir aðalfund.

III. Stjórn félagsins

10. gr.

Aðalstjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Henni ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess út á við sem heildar. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess í stórum dráttum í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skipar trúnaðarmenn í nefndir félagsins og á vegum þess, nema þá sem um getur í 13. gr.

Aðalstjórn er heimilt að ráða starfsmenn til félagsins og starfrækja skrifstofu. Starfsmenn starfa í umboði aðalstjórnar að þeim verkefnum sem stjórnin felur þeim í samræmi við tilgang félagsins.

Aðalstjórn er heimilt að skipa sérnefndir til að starfa að tilteknum verkefnum. Slíkum nefndum skal ávallt sett erindisbréf sem kveður á um viðfangsefni, tímamörk, valdsvið og fjárheimildir. Starfstímabil nefndanna skal ekki vera lengra en fram að næsta aðalfundi félagsins, nema ný aðalstjórn ákveði að framlengja starfstíma þeirra. Á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skal aðalstjórn ákvarða hvort starfstími sitjandi nefnda skuli framlengdur.

Alla sjóði félagsins og peningaeignir skal ávaxta í banka, sparisjóði eða viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar, enda hafi Formannafélagið, sbr. 20. gr., gefið samþykki sitt.

Aðalstjórn einni er heimilt að víkja mönnum úr félaginu, telji hún að framkoma þeirra hafi verið vítaverð og félaginu til vansa. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta þeir sem vikið er úr félaginu ekki öðlast aðild að því aftur nema með samþykki aðalstjórnar.

Formaður boðar til stjórnarfunda eða felur öðrum að boða til þeirra í sínu umboði. Stjórn félagsins er ályktunarbær ef meirihluti kjörinna stjórnarmanna er viðstaddur fund hennar, þó að því tilskyldu að fjögur atkvæði þarf að lágmarki til ályktunar.

11. gr.

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Rita skal fundargerðir vegna funda aðalstjórnar og skulu þær varðveittar með tryggum hætti.

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi með formönnum hinna einstöku deilda þegar tilefni gefst til og eigi sjaldnar en tvisvar á ári fundi með öllum formönnum deilda saman. Á fundum þessum skulu deildarformenn gefa skýrslu um starfsemi deildanna og stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi og áform á vegum félagsins.

12. gr.

Aðalstjórn félagsins er skylt að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda og er heimilt að krefja stjórnir deilda um rekstraryfirlit og greiðslustöðu þegar ástæða þykir til. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deilda. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan trúnaðarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar og getur komið með fyrirmæli um úrbætur ef þurfa þykir. Aðalstjórn skal að öðru leyti ákveða með hvaða hætti þessum ákvæðum verður framfylgt.

Allar mikilsháttar og verulegar fjárhagsskuldbindingar og samninga ásamt fjárhagsáætlunum skal bera undir samþykki aðalstjórnar. Verði misbrestur á þessu firrir félagið sig allri ábyrgð á skuldbindingunni og eru þá þeir einstaklingar sem hana framkvæmdu persónulega skuldbundnir. Aðalstjórn áskilur sér þá rétt til þess að hafa afskipti af stjórnun viðkomandi deildar. Aðalstjórn getur sett nánari reglur um þetta, þar sem meðal annars sé skilgreint hvaða fjárhagsskuldbindingar teljist mikilsháttar og verulegar og hvort þær veigamestu skuli jafnframt háðar samþykki aðalfundar félagsins.

IV. Aðalfundir deilda

13. gr.

Aðalfundi deilda skal halda fyrir marslok ár hvert. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir félagar deildarinnar sem orðnir eru 18 ára. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara á tryggilegan hátt. Er hann lögmætur ef 15 skráðir félagar deildarinnar mæta, eða 50% þeirra, séu þeir færri en 30. Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi deildarinnar.
3. Lesnir og skýrðir rekstrar- og efnahagsreikningar fyrir síðasta almanaksár.
4. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Kosinn formaður.
6. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
7. Kosnir fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund félagsins.
8. Ákveðin æfingagjöld.
9. Önnur mál.

Almenn fundarsköp gilda um framkvæmd aðalfunda deilda.

14. gr.

Stjórn deildar skal skipuð fimm eða sjö einstaklingum. Skal formaður kjörinn sérstaklega og skriflega ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í framhaldi af því. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Stjórnin er kjörin til eins árs í senn. Þeir sem fá flest atkvæði ná kjöri. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist ekki niðurstaða þá ræður hlutkesti.

Deildarstjórn skal vinna að eflingu þeirrar íþróttagreinar, er deildin hefur verið stofnuð til, svo sem með því að kynna starfsemi deildarinnar og tryggja að upplýsingar um hana séu aðgengilegar.

15. gr.

Vanræki deild að halda aðalfund eða ef af einhverjum öðrum ástæðum tekst ekki að halda aðalfund fyrir tilskilinn tíma, sbr. 13. gr., skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins.

Ef stjórn deildar verður óstarfhæf að mati aðalstjórnar, til dæmis vegna þess að meirihluti stjórnarmanna hefur látið af störfum, er aðalstjórn heimilt að boða til aukaaðalfundar deildarinnar þar sem ný stjórn skal kjörin.

Ef viðamiklir annmarkar eru á stjórnun deildar að mati aðalstjórnar, svo sem ef fjármálastjórn er verulega ábótavant eða stjórn deildarinnar starfar ekki í samræmi við lög eða stefnu félagsins, er aðalstjórn heimilt að víkja stjórn viðkomandi deildar frá störfum. Skal aðalstjórn þá taka við störfum deildarstjórnar þar til hægt er að halda aukaaðalfund deildarinnar og kjósa nýja stjórn hennar. Við þessar aðstæður skal aðalstjórn boða til aukaaðalfundar deildarinnar svo fljótt sem verða má.

Aðalstjórn sér um framkvæmd funda sem haldnir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og eru þeir þá lögmætir óháð því hversu margir félagar í deildinni mæta.

V. Stjórnir deilda

16. gr.

Stjórnir deilda hafa hver um sig sérstakan fjárhag, ráða íþróttakennara, þjálfara og starfsmenn og ákveða laun þeirra, annast daglegan rekstur deildanna, sjá um íþróttamót, er hverri grein heyra til, svo og þátttöku félaga í deildinni í mótum þeim, er ákveðin er þátttaka í. Deildir eru þannig sjálfstæðar, með þeim takmörkunum sem fram koma í öðrum ákvæðum laga þessara, svo sem 12. og 18. gr., og hafa tekjur af félagsgjöldum sínum, mótum þeim er þær halda, svo og eftir öðrum fjáröflunarleiðum, er deildarstjórnir ákveða í samráði við aðalstjórn félagsins.

Skrá skal upplýsingar um ársstarfið, fundi, keppnir og annað sem deildin tekur sér fyrir hendur. Skila skal starfsskýrslu deildar fyrir liðið almanaksár ásamt reikningum fyrir sama tímabil til stjórnar félagsins í mars ár hvert til birtingar í ársskýrslu félagsins.

Stjórnir deilda skulu gæta þess að allt sem framkvæmt er í nafni deildarinnar eða félagsins sé í samræmi við tilgang og markmið félagsins og að ekkert sé gert sem rýrir orðspor þess.

Samstarfssamningar deilda við önnur íþróttafélög eru háðir samþykki aðalstjórnar.

17. gr.

Halda skal rafræna skrá yfir alla félaga deildarinnar í samráði við aðalstjórn félagsins sem ber ábyrgð á félagatalinu, sbr. 6. gr.

18. gr.

Við rekstur deilda skal hafa ráðdeild að leiðarljósi og gæta þess vandlega að stofna ekki til fjárhagslegra skuldbindinga umfram það sem fjárhagsstaða deildarinnar leyfir og tekjur hennar geta staðið undir.

Uppgjörstímabil deilda miðast við almanaksárið.

Aðalstjórn skal setja deildum nánari reglur um fjárreiður, þar með talið um fjárhagsáætlanir, bókhald og uppgjör, og er stjórnum deilda skylt að fylgja þeim reglum. Um aðkomu aðalstjórnar að stjórnun einstakra deilda vísast að öðru leyti til 12. gr.

VI. Önnur ákvæði

19. gr.

Heiðursfélaga má kjósa og skal þeim afhent heiðursfélagaskjal og stórkross ÍR í stjörnu. Heiður þessi er sá æðsti er félagið veitir. Aðalstjórn félagsins kýs heiðursfélaga. Heiðursfélagar hafa öll réttindi félagsmanna, eru gjaldfríir, en verða að hafa náð fimmtugsaldri.

Eftirfarandi heiðursmerki má veita og skal þá fara eftir sömu reglum og gilda um kosningu heiðursfélaga að undanskildu ákvæði um að hafa náð fimmtugsaldri og því að vera gjaldfríir.

1. ÍR merki úr gulli, fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, svo og öðrum sem sérstök ástæða þykir til að heiðra.
2. ÍR merki úr silfri fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.
3. ÍR merki úr gulli með Ólympíuhringjum skal veita öllum félögum ÍR, sem þátt taka í keppni á Ólympíuleikum.
4. ÍR merki úr gulli, auðkennt viðkomandi keppni, skal veita þeim félögum ÍR, sem taka þátt í heimsmeistarakeppni hinna ýmsu íþróttagreina.

Heimilt er að veita hverri deild fyrir sig leyfi til að hafa eitt sérstakt heiðursmerki. Skal merkið og reglur fyrir veitingu þess, háð samþykki aðalstjórnar. Að öðru leyti hefur deildin öll umráð yfir veitingu þess.

Aðalstjórn getur sett verklagsreglur um veitingu þeirra viðurkenninga sem getið er um í þessari grein, þar á meðal um viðmið sem notast skuli við þegar heiðursfélagar eru valdir og gullmerki og silfurmerki eru veitt.

20. gr.

Formannafélag ÍR er skipað fyrrverandi formönnum og núverandi formanni félagsins. Félagið starfar sjálfstætt og setur sér eigin starfsreglur, nema þar sem til þess vísast á öðrum stað í lögum þess, sbr. 5. mgr. 10. gr.

21. gr.

Deildir verða ekki lagðar niður eða sameinaðar öðrum íþróttafélögum nema með samþykki aðalfundar félagsins eða sérstaks aukaaðalfundar, sbr. 5. mgr. 8. gr. Hætti íþróttadeild störfum, skal afhenda eignir og skjöl hennar aðalstjórninni. Taki deildin ekki aftur til starfa innan fimm ára, skulu eignirnar renna í sjóð aðalstjórnar félagsins. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar.

22. gr.

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki ¾ hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

Tillögur um lagabreytingar, sem óskast teknar fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist aðalstjórn fyrir 15. janúar ár hvert. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar stjórnum allra deilda innan félagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Tillögur til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboði og skulu aðgengilegar félagsmönnum sjö dögum fyrir aðalfund.

23. gr.

Með þessum lögum eru öll eldri lög félagsins úr gildi fallin.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.